Fjárfesting sem borgar sig!
ísvélar
ÍSHÚSIÐ
ITALY

isvelar.is
400 kg
á sólarhring
tæp 2 kör
1 fasa og sparsöm. Tilbúin á vegginn.

ALDAN
FRÉTTABLAÐ UM SJÁVARÚTVEG
22. SEPTEMBER 2016 3. TÖLUBLAÐ, 3. ÁRGANGUR

## Sjávarútvegssýning í Laugardal

Iceland Fishing Expo er fyrsta alþjóðlega sjávarútvegssýningin sem haldin er hérlendis sem alfarið er í höndum íslenskra aðila. Á sýningunni verða veittar viðurkenningar af hálfu samtaka innan sjávarútvegsins til þeirra sem taldir hafa skarað fram úr á árinu á sviði sjávarútvegsins. Nýsköpun í sjávarutvegi mun verkja athygli á sýningunni. *Sjá bls. 9*

# Samþjöppun útgerðar og fiskvinnslu á Seyðisfirði

Brimberg ehf. hóf rekstur fiskvinnslu á Seyðisfirði fyrir meira en áratug síðan en aðal uppistaða rekstursins var vinnsla bolfisks, þorsks, ýsu og ufsa. Fyrirtækið var til húsa að Hafnargötu 47 og er allur bolfiskur unninn og frystur þar. Fyrirtækið endurnýjaði síðan vinnslulínur en árið 2007 var tekin í notkun ný flæðilína frá Marel ehf. og eins var vinnslusalur endurnýjaður. Um áramótin 2014 - 2015 seldi Brimberg ehf. fasteignir, vélar og tæki til Gullbergs ehf. sem hóf rekstur að krafti bæði í útgerð og fiskvinnslu.

Næsta skref í útgerðarsögunni á Seyðisfirði var að Síldarvinnslan á Neskaupstað keypti öll hlutabréf í fiskvinnslu og útgerðarfyrirtækinu Gullbergi ehf. á Seyðisfirði sem gerir út togarann Gullver NS-12 sem er með 327 tonn í aflamarki í ufsa, 219 tonn í ýsu, 134 tonn í grálúðu og nær 2 tonn í skötusel. Samhliða kaupum á togaranum keypti Síldarvinnslan húsnæði og búnað Brimbergs til fiskvinnslu á Seyðisfirði.Áfram hefur verið gert út frá Seyðisfirði og lögð áhersla á að tryggja áframhaldandi framleiðslustörf tengd sjávarútvegi í byggðarlaginu. Fyrir rekur Síldarvinnslan öfluga fiskimjölsverksmiðju á Seyðisfirði.

Kaupin eru liður í að styðja við starfsemi Síldarvinnslunnar á Austurlandi. Með því að hafa útgerð og vinnslu á sömu hendi er traustari stoðum skotið undir heilsárstörf og atvinnulíf í byggðarlaginu. Það hefur verið stefna Síldarvinnslunnar að auka við sig bolfiskheimildir og breikka rekstrargrundvöll félagsins. Megin áhersla síðustu áratugi hefur verið á veiðar og vinnslu uppsjávartegunda. Kaupin á Gullbergi eru í takt við áherslu stjórnenda Síldarvinnslunnar að fjölga grunnstoðum í rekstri félagsins en Gullberg verður áfram rekið sem dótturfyrirtæki SVN. Ljóst er að rekstur útgerðar og fiskvinnslu á Íslandi hefur sjaldan eða aldrei verið eins mikilvægur og í dag. Fiskvinnsla og útgerð á Seyðisfirði er enn þann dag í dag einn af lykilþáttum þess og þess að þar blómstri öflugt samfélag nú sem og til framtíðar.

þitt.is
Ert þú búin/n að skrá þitt lén?
5.980 kr. á ári
ISNIC
Internet á Íslandi | s: 578 2030 | isnic.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Gluggafilmur
Sand& sólarfilma
544 2030
MERKIS MENN
www.merkismenn.is

Stólpi Gámar
SALA • LEIGA • VIÐGERÐIR

Frystigámar / Sala og leiga 10 / 20 og 40 ft.
Seljum einnig og leigjum gámahús, geymslugáma og salernishús í ýmsum stærðum og gerðum. Fjöldi sérlausna í boði, sniðnar að þörfum hvers og eins viðskiptavinar.
Hafðu samband 568 0100
Stólpi Gámar
Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfjörður | Sími 568 0100
www.stolpigamar.is

Trillunni er ætlað að vekja áhuga ungmenna á sjávarútvegi.

# TRILLAN

## Reynt á þekkingu í sjávarútvegi og lífríki sjávar

Íslenski sjávarklasinn á Grandagarði hefur opnað nýjan spurningaleik og fræðsluvef sem tengist sjávarútvegi og lífríki sjávar. Leikurinn hefur hlotið nafnið Trillan og er hannaður fyrir snjallsíma, spjaldtölvur og borðtölvur. Í Trillunni er reynt á þekkingu á sjávarútvegi og lífríki sjávar á skemmtilegan máta. Allir Íslendingar hafa gagn af þekkingu á þessu sviði og í spurningaleiknum Trillunni er stuðlað að því. Leikurinn og síðan eru miðuð að ungmennum en hvort tveggja getur þó verið fróðlegt fyrir alla aldurshópa.

Sjávarútvegurinn spannar mjög vítt svið og er ætlunin að kveikja áhuga ungmenna á ólíkum hliðum þessa rótgróna en fjölbreytta atvinnuvegs. Eitt af markmiðum Sjávarklasans er að vekja áhuga á sjávarútvegi og hlutverki hans í íslensku samfélagi og er þetta skemmtileg og lífleg nálgun fyrir unga sem aldna. Trillan hefur verið unnin í samstarfi við Rannsóknarsjóð Síldarútvegsins og Samtök sjávarútvegssveitarfélaga.

Sjávarklasinn hefur síðastliðin ár staðið fyrir kynningum á efninu fyrir grunnskólanemendur sem hefur gefið góða raun. Vaknaði þá upp spurning hvernig mætti hvetja krakkana áfram í að kynna sér þessa grunnstoð íslensks samfélags. Leikurinn og síðan eru gerð með það í huga og er það von sjávarklasans að ungt fólk sjái fjölbreytileikann og tækifærin sem íslenskur sjávarútvegur hefur upp á að bjóða. Leikurinn og vefurinn eru í þróun og vill Sjávarklasinn gjarnan fá fleiri í lið með sér til að koma að frekari þróun verkefnisins.

# Pourquoi Pas? aftur í Reykjavíkurhöfn 80 árum síðar

Þann 16. september sl. voru liðin 80 ár liðin frá sjóslysinu undan Straumfirði á Mýrum er franska hafrannsóknarskipið „Pourqoui Pas?“ (Hvers vegna ekki) fórst eftir að hafa strandað á skerinu Hnokka á Mýrum í suðvestan fárviðri. "Pourqoui Pas?" var þriggja mastra seglskip með gufuvél alls um 400 rúmlestir að stærð. Skipið var eign hins heimsfræga vísindamanns dr. Jean Charcot og smíðað árið 1908 að mestu eftir hans fyrirsögn.

Skipið hafði verið annað heimili dr. Charcots um 30 ára skeið en hann var 69 ára er skipið fórst. Hann hafði hlotið margvíslegan heiður fyrir rannsóknarstörf og vísindaafrek um borð í þessu skipi en frá Reykjavík lá leiðin til rannsókna í Norðurhöfum, „la recherche dans l'Arctique.“ Af 42 manna áhöfn komst aðeins einn maður lífs af. Með komu samnefnds rannsóknarskips nú sýna Frakkar minningu þeirra sem fórust á Mýrum mikla virðingu.

Rannsóknarskipið Pourquoi Pas? kom til Reykjavíkur til að minnast strands samnefnds skips 80 árum áður og heiðra minningu þeirra sem fórust með skipinu.

MATVÆLA-
RÁÐGJÖF

ÍSGEN
MATVÆLARÁÐGJÖF
Róbert Hlöðversson - Sími 897 0525 - robert@isgen.is

Enginn vil kaupa svona sjávarafurð, eða hvað?

# Heilindi í viðskiptum með sjávarfang til rannsóknar

## 30% sýna sýndu að ekki var um þá fisktegund að ræða sem pöntuð var

Heilindi og traust neytenda er ein af megin áskorunum nútíma viðskipta með matvæli, ekki síst í kjölfar hneykslismála á borð við svokallað „hrossakjötsmál“, en á undanförnum árum hafa komið upp fjöldi tilvika á alþjóðlega vísu þar sem milliliðir og neytendur eru blekktir í viðskiptum með sjávarfang. Dæmi um slíkar blekkingar eru þegar ódýrar tegundir eru seldar sem dýrari, frystar afurðir seldar sem ferskar, efnum bætt í afurðir til að auka þyngd, breyta útliti, lengja líftíma eða fela að varan sé skemmd án þess að þeirra sé getið í innihaldslýsingu, tegundir í útrýmingarhættu eru seldar undir fölsku flaggi o.s.frv.

MATÍS stóð nýlega fyrir málstofu um hvernig erfðatækni getur nýst við að tryggja heilindi í viðskiptum með sjávar- og fiskeldisafurðir. Málstofunni var skipt upp í fjóra hluta. Þetta voru:

- Aðferðir til að fylgjast með og sannreyna innihald fóðurs fyrir fiskeldi
- Aðferðir til að greina óæskilegar örverur í sjávarfangi
- Erfðafræðilegar aðferðir til að tegundagreina og rekja uppruna
- Kröfur markaða og hagnýting erfðaupplýsinga með tilliti til regluverks og efnahagslegra áhrifaþátta

Málstofan var vel sótt. Var samdóma álit þátttakenda að hér væri um að ræða mikið hagsmunamál fyrir íslenska matvælaframleiðendur. 30% sýna sem starfsmenn Matís tóku á tíu veitingastöðum í Reykjavík sýndu að ekki var um þá fisktegund að ræða sem pöntuð hafði verið af matseðli.

Í fyrirlestri Jónasar R. Viðarssonar, fagstjóra hjá Matís, kom fram að rannsóknir á tegundasvikum (mislabelling) í viðskiptum með sjávarfang í Evrópu og Bandaríkjunum sýna að um þriðjungur af seldum fiski er af annarri tegund en staðhæft er á pakkningum eða matseðli. Vandamálið er mismikið eftir tegundum og sölustöðum, þar sem tegundir eins og túnfiskur og glefsari (e. snapper) eru í mikilli áhættu að vera skipt út fyrir aðrar tegundir án þess að um það sé upplýst. Atlantshafsþorskur er einnig ofarlega á listanum. Tegundasvik virðast sérstaklega algeng á Sushi veitingastöðum og á veitingastöðum sem selja brauðaðan fisk, til dæmis „fish & chips.“

Matís er þátttakandi í alþjóðlegum rannsóknum, Food Integrity, Authenticate og Authent-Net, þar sem m.a. er safnað sýnum á íslenskum veitingahúsum og í kjölfarið kannað með erfðatækni hvort sýni séu í samræmi við það sem tilgreint er á matseðli. Ávallt er leitað staðfestingar hjá starfsfólki veitingastaðar um tegund fisks. Rannsóknaverkefnin eru enn í gangi, en af þeim 27 sýnum sem þegar hafa verið greind eru átta sem ekki voru í samræmi við matseðil.

# Skrifstofa Alþjóða norðurskautavísindanefndarinnar til Akureyrar

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita fjármagni til reksturs Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar til næstu 5 ára. Samþykkt var að veita 35 milljónum króna til verkefnisins árlega, sem jafngildir 175 milljónum króna fyrir allt tímabilið (2017-2021). Gert er ráð fyrir að skrifstofan verði staðsett á Akureyri. Markmið Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar - IASC (International Arctic Science Committee) er að stuðla að samstarfi um rannsóknir á norðurslóðum og að veita ráðgjöf til stjórnvalda um málefni þeirra. Stofnunin leiðir saman opinberar rannsóknarstofnanir og -samtök frá 23 löndum og hefur skipað sér sess sem einn mikilvægasti alþjóðlegi samstarfsvettvangurinn um rannsóknir og vöktun á norðurslóðum. Þetta er gríðarlega áhugavert verkefni og margvíslegur ávininngur að fá skrifstofuna hingað til lands. Með henni fær íslenskt vísindasamfélag aðgang að öflugu tengslaneti vísindamanna á norðurslóðum og líklegt er að áhugi erlendra vísindamanna á rannsóknarsamstarfi við Íslandi myndi eflast.

Borgarísjakar geta verið stórfenglegir ásýndar og verðugt rannsóknarefni.

Á Akureyri eru þegar til staðar nokkrar stofnanir um málefni norðurslóða. Má þar nefna Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, skrifstofur Norðurskautsráðsins: PAME (Protection of the Arctic Marine Environment) og CAFF (Conservation of Arctic Fauna and Flora), og Norðurslóðanet Íslands. Á Akureyri starfar einnig sérhæft fyrirtæki, Arctic Portal, við söfnun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga um norðurslóðir. Á Akureyri er því öflugt norðurslóðasamfélag undir einu þaki sem gæti skapað ýmiss konar samvirkni við IASC skrifstofuna. Frá upphafi hefur RANNÍS átt aðild að IASC fyrir hönd Íslands. IASC hefur áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu og gegnir mikilvægu hlutverki við miðlun upplýsinga frá vísindasamfélaginu til ráðsins um niðurstöður rannsókna á náttúru- og samfélagsbreytingum á norðurslóðum.

# ÞORLÁKSHÖFN

Þorlákshöfn er á suð-vesturströnd Íslands. Þar er eina höfn Suðurlands allt austur að Hornafirði. Frá höfninni eru góðar og greiðfærar samgöngur til allra átta, aðeins 40 km til Reykjavíkur og ekki nema u.þ.b. 85 km í Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir Suðurstrandarveginum. Höfnin liggur vel við góðum fiskimiðum og í landi eru fjölmörg fyrirtæki til að vinna úr aflanum. Fiskmarkaður er á staðnum og fullkomin frystigeymsla og tollvöruhús, Kuldaboli, er staðsett við höfnina.

Í Þorlákshöfn eru fjölmörg fyrirtæki sem bjóða fjölhæfa þjónustu fyrir fiski- og flutningaskip t.d. olíuverslun, flutningar, alhliða viðgerðarþjónustur, köfun, netaviðgerðir og lifrabræðsla. Þar er einnig öll helsta þjónusta sem nauðsynleg er í nútímasamfélagi; banki, matvöruverslun, bakarí, kaffihús, veitingastaðir, heilsugæsla, lyfjaverslun, frábært íþróttahús, líkamsræktarstöð og sundlaug.

## FYRIRHUGUÐ STÆKKUN HAFNARINNAR

Höfnin hefur verið í mikilli uppbyggingu síðustu ár og framtíðaráform eru um enn meiri stækkun sem gæti þjónustað Evrópusamgöngur - en stórskipahöfn í Þorlákshöfn styttir siglingatíma til helstu borga í Evrópu töluvert miðað við siglingu til og frá Reykjavík. Mikið framboð er af hentugu landrými til ýmiss konar starfsemi og er staðsetningin mjög heppileg út frá helstu skilyrðum sem fjárfestar setja um staðarval fyrir iðnað og framleiðslu. Fyrir liggur skipulag á tæplega 540 hektara iðnaðarsvæði í nágrenni Þorlákshafnar. Samgöngur við svæðið eru góðar og stutt í virkjanir og því er flutningskostnaður orku í lágmarki. Það auk stórskipahafnar hefur verulegt aðdráttarafl fyrir erlend fyrirtæki sem sýnt hafa áhuga á að reka starfsemi á Íslandi.






- Eina höfnin á Suðurlandi
- 40 km til Reykjavíkur
- 85 km í Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Fullkomið frystivöruhótel og landamærastöð
- Bryggjukantar um 1200 m
- Mesta dýpi við kant 8 m
- Dýpi í innsiglingu 7,5 - 8 m
- Fiski-, flutninga- og tollhöfn
- Hafnsögubátur 900 hö.
- Frábært íþróttahús og sundlaug
- Öll almenn þjónusta við skip
- Öll almenn þjónusta við áhafnir
- Fiskmarkaður og fiskvinnslufyrirtæki
- Ísframleiðsla með GÁMES vottun

*Þorlákshöfn*

**Þorlákshöfn**
Hafnarbakka 8
815 Þorlákshöfn
Sími 480-3602
Hafnarstjóri 691-6575
hofn@olfus.is
www.olfus.is

**Hafnarvog**
Sími 480-3601
Fax 483-3528
hafnarvog@olfus.is

**Hafnarvörður**
Sími 893-3659
- sólarhringsvakt
Kallrás á VHF 12

ARGH! 092014

LEIÐARI

# *Íslendingar í fremstu röð í nýsköpun og nýliðun í sjávarútvegi*

Í umræðu um sjávarútvegsmál kemur oft upp krafan um aukna nýliðun í greininni og í þessum kröfum felast hugmyndir um að skerða aflaheimildir eins til að færa með pólitískum útdeilingum til annars. Jens Garðar Helgason, formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, segir að í almennri umræðu um sjávarútvegsmál komi oft upp krafan um aukna nýliðun í greininni. Að baki þessara hugmynda sé sú rómantíska sýn að ungir frjálshuga menn geti farið á litlum bátum og róið til sjávar – nýliðar í sjávarútvegi. Þessi hugmyndafræði hafi kannski átt við fyrir nokkrum árum eða áratugum síðan, rétt eins og ljár og orf voru eitt sinn helstu verkfræði íslenskra bænda eða konur og karlar að salta síld undir berum himni á síldplönum um allt land, nánast sama hvernig viðraði.

Jens Garðar bendir á að ekki sé svo langt síðan að íslenskur sjávarútvegur var staðnaður, fjárfesting var lítil, inngrip stjórnvalda voru daglegt braut, sjóðir settir upp til bjargar greininni, störf voru árstíðarbundin, atvinnuöryggi lítið og margir fiskistofnar voru ofveiddir. Greinin var því ósjálfbær, veiðar óabyrgar og óumhverfisvænar og fiskiskipaflotinn all of stór. En undanfarna tvö áratugi hefur íslenskur sjávarútvegur tekið stakkaskiptum og sökum fiskveiðistjórnunarkerfis hafa skapast mikilir möguleikar fyrir greinina til að stórauka gæði, sækja á kröfuharðari markaði með ferskari vöru, gera áætlanir til lengri tíma og búa til frjóan jarðveg fyrir nýsköpun og áframvinnslu, og búa til atvinnugrein þar sem sjómönnum og landverkafólki er tryggt atvinnuöryggi og betri laun. Íslendingar eru meðal fremstu þjóða þegar kemur að nýsköpun og nýliðun í greininni, í fremstu röð þegar kemur að fjölgun sprotafyrirtækja. Þau tæknifyrirtæki sem að greininni standa eru í fremstu röð, mörg á alþjóða vísu, eins og t.d. Marel, Skaginn, Vélfag, Valka og mörg fleiri sem hanna og framleiða hátæknivélar og hugbúnað fyrir kröuharðan sjávarútveg sem stöðugt leitast við að nýta hráefnið enn betur og auka gæðin. Samstarf greinarinnar og háskólanna hefur getið af sér öflugar námsbrautir og verkefni tengd sjávarútvegi eins og sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri og Hnakkaþon við Háskólann í Reykjavík. Forsenda þess að Íslendingar nái enn frekari árangri í verðmætasköpun og eflingu mannauðs er að efla enn frekar og styðja við nám á öllum skólastigum sem eru tengd sjávarútvegi með einhverjum hætti. Þetta er framtíðarsýn þeirra nýliða sem í dag vilja hasla sér völl í nútíma sjávarútvegi.

**Sjávarútvegssýning**

Það er auðvitað afar ángægjulegt að samkeppni hafi myndast hérlendis um að halda alþjóðlega sjávarúvegssýningu. Sjávarútvegssýning hefur verið haldin af breskum aðilum á þriggja ára fresti í Kópavogi í allmörg skipti og vissulega tekist vel og verið fjölsótt, en sýningin nú, sem nefnist Iceland Fishing Expo, sem nú er haldin í Laugadalshöllinni í lok þessa mánaðar er alfarið skipulögð og haldin af íslenskum aðilum. Það er auðvitað fagnaðarefni. Full ástæða er til að hverja alla sem tengjast sjávarútvegi að mæta á sýninguna og einnig aðra sem vilja sjá og fylgjast með þeirri gríðarlegu tækniþróun sem átt hefur sér stað í sjávarútvegi, ekki síst hjá íslenskum fyrirtækjum, og á sér stað í helstu atvinnugrein íslenskrar þjóðar.

*Geir A. Guðsteinsson, ritstjóri*

# „Það má gera sjávarútveg enn hagkvæmari en hann er í dag“

Segir **Heiðrún Lind Marteinsdóttir**, nýráðin framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS)

Heiðrún Lind Marteinsdóttir, héraðsdómslögmaður, hefur verið ráðin í starf framkvæmdastjóra SFS að loknu ítarlegu valferli. Heiðrún Lind hefur störf á næstu vikum. Heiðrún Lind lauk lagaprófi árið 2007 og hefur starfað hjá LEX lögmannsstofu óslitið frá þeim tíma. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi eru hagsmunasamtök íslenskra fyrirtækja í sjávarútvegi. Tilgangur þeirra er meðal annars að stuðla að hagkvæmni íslensks sjávarútvegs og íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja og styðja við nýsköpun og menntun tengda sjávarútvegi.

„Ég hef ekki starfað með beinum hætti hingað til í sjávarútvegi nema að starfa í frystihúsi HB & Co sem ung stúlka, en ég er frá Akranesi. Ég hef hins vegar verið í lögmennsku í 10 ár og starfað fyrir sjávarútveginn með ýmsum hætti þar. En ég hef tengst sjávarútvegi frá barnæsku, m.a. með því að faðir minn var skipstjóri öll mín æskuár á Höfrungi, Ingunni og síðan Engey,“ segir Heiðrún Lind.

*Hvað olli því að þú ákvaðst að sækja um starf framkvæmdastjóra SFS þegar það var auglýst?*

„Það er oft sem tækifærin koma óvænt, og ég leit á þetta sem tækifæri til að takast á við eitthvað nýtt, verulega spennandi en út fyrir þægindarammann þar sem þetta er töluvert öðruvísi en í þeim verkefnum sem ég hef verið á sinna í lögmennskunni.“

*Eitt af þeim fyrstu verkefnum sem þú fæst við er hugsanlegt verkfall sjómanna í sjómanna í nóvembermánuði ef atkvæðagreiðsla um það fer á þann veg?*

„Það mun áreiðanlega gera það en ég vil sem minnst láta hafa eftir mér á þessu stigi meðan ég er að koma mér inn í nýtt starf. En ég mun auðvitað fylgjast vel með hvað gerist á næstu vikum og hvort Sjómannasambandið fær verkfallsheimild frá sínum félagsmönnum.“

*Í samþykktum SFS segir m.a. að stuðla eigi að hagkvæmni í íslenskum sjávarúvegi. Er það markmið sem stöðugt er unnið að?*

„Það er nú eitt af því sem tekist hefur mjög vel en það má gera enn betur að gera sjávarútveg hagkvæmari en hann er í dag. Í því felst auðvitað ótal margt. Við erum ekki bara með gott skipulag á sjávarútvegsmálum en ví höfum náð að samþætta mjög vel veiðar, vinnslu og markaðssetninu en það má stöðugt fá meiri verðmæti fyrir afurðina sem fiskafurðir eru. Erlendis frá er horft til þess hvernig við Íslendingar stýrum sjávarútveginum, og það segir að við erum að gera góða hluti,“ segir Heiðrún Lind Marteinsdóttir.

Heiðrún Lind Marteinsdóttir.

Arnarfell, eitt skipa Samskipa.

# Samskip setja sér markmið í loftlagsmálum

Í samræmi við yfirlýsingu um markmið í loftslagsmálum sem Samskip undirrituðu í lok síðasta árs hefur félagið einsett sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum. Því hafa Samskip sett sér þrjú megin markmið:

1. Minnka kolefnisfótspor í flutningum til og frá Íslandi og Færeyjum um 10% á næstu fimm árum, mælt í grömmum af CO2 á flutt tonn á hvern fluttan kílómetra eða úr 42 g/tonnkm 2015 í 38 g/tonnkm árið 2020.

2. Minnka kolefnisfótspor í innanlandsflutningum um 7% á næstu fimm árum, mælt í grömmum af CO2 á flutt tonn á hvern fluttan kílómetra eða úr 124 g/tonnkm 2015 í 115 g/tonnkm árið 2020.

3. Auka hlutfall endurnýtanlegs úrgangs frá starfseminni úr 46% 2015 í 60% árið 2020.

Til þess að ná ofangreindum markmiðum verður lögð sérstök áhersla á eftirfarandi:

- Bæta nýtingu flutningakerfa
- Bæta eldsneytisnýtingu
- Minnka vægi jarðefnaeldsneytis í starfseminni
- Auka flokkun á úrgangi á starfsstöðvum Samskipa
- Samskip munu árlega birta niðurstöður úr mælingum og leita allra leiða til að ná settum markmiðum.

# Fisktæknar útskrifuðust frá FNV

Í byrjun þessa sumars útskrifuðust 18 fisktæknar frá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, eftir tveggja ára nám. Námið er samstarfsverkefni FNV, Farskóla Norðurlands vestra, Fisktækniskólans í Grindavík og útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækisins FISK Seafood á Sauðárkróki.

Allir nýju Fisktæknarnir eru starfsmenn FISK svo þar hefur aldeilis bæst þekking í starfsmannahópinn.

Á myndinni eru 16 af 18 fisktæknunum en tveir 2 áttu ekki heimangengt á útskriftina. Með þeim á myndinni eru Ásdís Pálsdóttir frá Fisktækniskólanum í Grindavík, Bryndís Þráinsdóttir frá Farskólanum, Ingileif Oddsdóttir skólameistari, Þorketill Þorsteinsson og Ásbjörn Karlsson frá FNV og Jón Eðvald Friðriksson framkvæmdastjóri FISK.

# Efling fisktækninám á landsbyggðinni

Fyrir skemmstu var undirritaður samstarfssamningur milli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og Fisktækniskóla Íslands um áframhaldandi stuðning við eflingu og uppbyggingu náms í fisktækni. Ráðuneytið hefur styrkt þeta verkefni frá árinu 2014 og á þessu ári verður grunnnám í fisktækni í boði á Sauðárkróki , Höfn í Hornafirði og Dalvík.

Meginmarkmið Fisktækniskólans er að vera í samstarfi með öðrum fræðsluaðilum í sjávarbyggðum á Íslandi og bjóða uppá grunnám í Fisktækni sem víðast um landið. Verknám er kennt af heimamönnum en faggreinar eru kenndar á vegum Fisktækniskólans, annaðhvort í staðbundnu námi eða fjarnámi frá Grindavík þar sem höfuðstöðvar skólans eru.

Í dag eru um 100 nemendur skráðir í grunnámi Fisktækna og um 60 hafa lokið námi á brautinni. Gunnar Bragi Sveinsson sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra segir samninginn mikilvægan fyrir áframhaldandi vöxt Fisktækninámsins „Það er afar ánægjulegt að geta áfram veitt Fisktækniskólanum stuðning til þess að halda áfram sínu mikilvæga starfi og geta breitt boðskapinn út víðar. Þekking starfsmanna er auður fyrirtækja og hefur það sýnt sig að mikil ánægja er með námið bæði hjá nemendum og fyrirtækjum,“ segir sjávarútvegsráðherra.

ALDAN
FRÉTTABLAÐ UM SJÁVARÚTVEG

**3. TBL. 3. ÁRGANGUR 2026**

**Útgefandi:** Pressan ehf. Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík. **Ábyrgðarmaður:** Björn Ingi Hrafnsson, netfang: bjorningi@pressan.is, **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. **Auglýsingar:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **Ritstjóri:** Geir A. Guðsteinsson, sími: 840-9555 & netfang: geirgudsteinsson@simnet.is. **Umbrot:** Vefpressan, **Prentun:** Landsprent, **Dreifing:** Pósturinn

**BLAÐINU ER DREIFT Í 10.000 EINTÖKUM Á ÖLL FYRIRTÆKI OG SVEITARFÉLÖG Á LANDINU**

# **Vökvakerfislausnir** farartækja **einnig búnaðir** fyrir skip

Tæknibúnaður sem ætlaður er til notkunar á sjó mætir erfiðustu hugsanlegu skilyrðum.
Álag óblíðrar náttúru, miklar hitabreytingar og stöðugur ágangur af söltum sjó, eykur þörf viðskiptavina fyrir áreiðanlegan og skilvirkan búnað.

Danfoss hefur háþróaðan gæða vökvabúnað og kerfissérþekkingu til að mæta kröfuhörðum viðskiptavinum um allan heim.
Vörulína Danfoss inniheldur m.a.:

- Háþróaða PVG álagsstýrða proportional stjórnloka og HIC/patronuloka.
- Öflugar H1 stimpildælur og mótorar fyrir aukinn áreiðanleika og nýtni
- Þýðgengar Series 45 stimpildælur fyrir opin kerfi
- Hágæða vökvamótorar á færibönd og spil
- State-of-the-art PLUS+1™ stjórnbúnaður, örtölvur og hugbúnaður.

Með Danfoss búnaði nærð þú stjórninni um borð.

Danfoss hf. Skútuvogi 6, 104 Reykjavík, Sími: 510 4100, **www.danfoss.is**

PLUS+1™ | COMPLIANT

ENGINEERING TOMORROW

Danfoss

# Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafastofnun hafs og vatna í fremstu röð

Þann 1. júlí sl. tók til starfa Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna. Stofnunin starfar samkvæmt lögum 112/2015 sem samþykkt voru á Alþingi. Sofnunin varð til við sameiningu Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar og tekur við öllum skyldum og hlutverkum þeirra stofnana. Forstjóri nýrrar stofnunar er Sigurður Guðjónsson. Hann segir að stofnunin verður í fremstu röð í haf- og ferskvatnsrannsóknum á norðurslóðum þar sem nýtingaráðgjöf nytjastofna með vistkerfisnálgun verður höfð að leiðarljósi og vöktun vistkerfa í hafi og ferskvatni verður til fyrirmyndar og rannsóknir og þróun í fiskeldi í sátt við náttúru.

Sigurður Guðjónsson var spurður að því hvort einhverjar breytingar verði með nýrri stofnun og nýjum forstjóra á rannsóknarstarfinu en hann segir ekki svo vera en vonandi verði tækifæri til að auka rannsóknarstarfið enn frekar. Þessi sameining Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar hafi átt sér nokkurn aðdraganda en kom fyrst til umræði árið 2010 en sú úttekt leiddi í ljós að þetta voru faglega skyldar stofnanir þótt lítil skörun hafi verið á starfi þeirra. Í framhaldinu voru það svo pólítískar ákvarðnir sem leiddu til sameiningarinnar, og vilji til að fækka ríkisstofnunum til að ná fram meiri hagkvæmni og styrk. Stofnun fær sama fjármagn til starfseminnar og þessar sameinuðu stofnanir fengu áður hver í sínu lagi, og liðlega það.

*Hefur nú í byrjun fiskveiðiársins einhver fiskistofn komið þér á óvart og er stærri en reiknað var með?*

„Það eru alltaf einhverjar breytingar í gangi, bæði stækkun og fækkun í stofnum, en ekkert sem vekur verulega eftirtektarvert. Stofnstærð uppsjávarfiskategunda er alltaf breytileg, síld, makríll og loðna eru mjög kvik í stofnstærð, jafnvel einnig kolmunni, en það hefur auðvitað verið gefin út byrjunarkvóti vegna uppsjávarveiða. Við getum t.d. ekki gefið út veiðiheimildir í loðnu fyrr en í fyrsta lagi eftir haustmælingu og jafnvel ekki fyrr en eftir næstu áramót. Hitastig sjávar ræður þar miklu og fiskurinn leitar í kaldari sjó lengst norður eftir og jafnvel undir hafsís við Grænland.

Við erum einnig í sameiginlegum rannsóknum með öðrum þjóðum og reynum að ná utanum þessa fiskistofna, ekki síst síld og makríl sem virða ekki nein landamæri. Því miður hefur ekki enn náðst neitt samkomulag um nýtinguna á þessum stofnum við Norðmenn, Færeyinga og Evrópusambandið og sá slagur stendur eflaust enn um hríð. Þjóðirnar eru nokkuð sammála um stofnstærðina og hvað sé æskilegt að nýta í heild en ekki hvernig á að skipta þessu milli þjóða. Á nmeðan ákveður hver sinn veiðikvóta. Þar stendur hnífurinn í kúnni.“

*Er Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, að flytja úr núverandi húsnæði við Skúlagötuna?*

Verður Hafrannsóknastofnun, rannsókna og ráðgjafastofnun, valin valin staður við Kópavogshöfn?

„Það gæti farið svo, það hefur verið auglýst eftir húsnæði og það hafa borist tilboð sem eru í skoðun hjá Framkvæmdasýslu ríkisins en það eru ekki komnar lyktir í það mál. Það var tekið fram í auglýsingunni að stofnunin þarf að vera á höfuðborgarsvæðinu og nálægt hafinu. Við erum nú á þremur stöðum, þ.e. á Skúlagötu, á Grandagarði og upp í Keldnaholti en draumurinn er auðvitað sá að öll starfseminn verði undir einu og sama þakinu. Sum tilboðin gera ráð fyrir nýbyggingu, m.a. við hafnirnar í Kópavogi og Hafnarfirði, en hvað verður ofan á skal ég ósagt látið,“ segir Sigurður Guðjónsson.

# Búið í haginn fyrir sjávarútveg morgundagsins

Nýlega ákváðu Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi - SFS – að styrkja Matís til að vinna verkefnið - Næringargildi sjávarafurða: merkingar og svörun - sem er sjálfstætt framhald verkefnis um Næringargildi sjávarafurða, sem AVS styrkti á árunum 2008-2010. Verkefnið miðar að því að styrkja íslenskan sjávarútveg í alþjóðlegri samkeppni á kröfuhörðum mörkuðum einkum innan hins Evrópska Efnahagssvæðis, ekki hvað síst varðandi auknar kröfur um merkingar á næringargildi. Gengið var frá samkomulagi 8. september s.l. um tilhögun verkefnisins, með undirritun Jens Garðars Helgasonar formanns SFS og Sveins Margeirssonar forstjóra Matís.

Jens Garðar Helgason formaður SFS og Sveinn Margeirsson forstjóri Matís undirrituðu samninginn.

Með verkefninu er þegar í stað hafist handa við að búa í haginn fyrir sjávarútveg morgundagsins svo hann geti mætt þörfum viðskiptavina sinna og er það er eitt af fjölmörgum hagnýtum verkefnum sem Matís vinnur að og þjóna breiðum hagsmunum íslensks sjávarútvegs og búa í haginn fyrir hagkvæma sókn íslensks sjávarútvegs á mið og markaði framtíðarinnar.

# STEFNIR Í VERKFALL Á FISKISKIPAFLOTANUM

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og forsvarsmenn stéttarfélaga sjómanna, þ.e. Sjómannasambands Íslands og Farmanna og fiskimannasambands Íslands skrifuðu undir nýjan kjarasamning 24. júní sl. Viðræður aðila höfðu staðið yfir með reglubundnum hætti í yfir fimm ár. Samningurinn fór þegar til kynningar meðal samningsaðila og í atkvæðagreiðslu. 33% félagsmanna Sjómannasambandsins sögðu já en 66% nei, svo samningurinn var felldur. Samningurinn átti að gilda til loka árs 2018.

- Samkvæmt kjarasamningnum sem hefur verið felldur átti tímakaup og kauptrygging 173,33 krónur.
- Kauptrygging háseta frá 1. júní sl. 288.168 krónur, 301.136 krónur 1. maí 2017 og 310.170 krónur 1. maí 2018.
- Kauptrygging matsveina, 1. og 2. vélstjóra, vélavarða, bátsmanns og netamanns 360.210 krónur 1. júní sl., 376.419 krónur 1. maí 2017 og 387.712 krónur 1. maí 2018.
- Laun yfirvélastjóra frá 1. júní sl. 432.252 krónur, hækka 1. maí 2017 í 451.703 krónur og í 465.254 krónur 1. maí 2018.
- Aðrir launaliðir en starfsaldursálag og tímakaup áttu að hækka um 9,6%, um 4,5% 1. maí 2017 og 3,0% 1. maí 2018. Fæðispeningar áttu að hækka nú um 2,1% og verða endurskoðaðir árlega.

Meðal verkefna á samningstímabilinu var að færa stærðarviðmiðanir fiskiskipa úr brúttólestum í brúttótonn eða lengd í metrum fyrir lok árs 2017. Ræða átti kostnaðarþáttöku sjómanna í veiðigjöldum og skoða forsendur verðlagningar á afla skipa sem ekki er seldur á uppboðsmarkaði. Sjómannasambandið skipuleggur nú atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun en viðræður Sjómannasambandsins og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi um nýjan kjarasamning hafa siglt í strand en tilboði sjómanna var hafnað og viðræðum slitið. Mikið bar í milli. Haft er eftir Valmundi Valmundssyni, formanni Sjómannasambands Íslands, að verði verkfallsboðun samþykkt hefjist verkfall í byrjun nóvembermánaðar.

### Verkfalli Sjómannafélags Íslands frestað til haustsins

Sjómannafélag Íslands hefur frestað frestað verkfalli á skipum Samskipa sem hefjast átti 1. maí síðastliðinn til byrjun septembermánaðar.Kjaraviðræður voru í gangi við Samskip P/F án milligöngu Samtaka atvinnulífsins og Ríkissáttasemjara. „Ekki var reynt að fá okkur að samningaborðinu, enda líkar okkur alls ekki þessi samningur sem skrifað var undir í júnímánuði en hefur nú verið felldur. Einnig verður reynt að ná samningum við Eimskip, segja má að þær þreifingar séu á sama róli,“ segir Jónas Garðarsson, formaður Sjómannafélags Íslands.

Linde Material Handling

**Handlyftivagnar**
**máladir, galvaniseradir og ryðfríir**

**Lyftaradekk**
**í miklu úrvali.**

**Dulevo**
**Sópar og skúringarvélar**

**Rafgeymar**
**Sellur og hleðslutæki**

**Goupil rafmagnsbílar**

**Linde dísel- og rafmagnslyftarar**

**Merlo skotbómulyftarar - lyftigeta frá 2.5 til 12 tonn**

**Goupil rafm.bílar**

**Linde dísel með hydróstatísku drifi**

**Linde mest seldu dísel- og rafmagnslyftar á Íslandi**

**Íslyft ehf**

STEINBOCK ÞJÓNUSTAN EHF

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur

Sími 564 1600 - islyft@islyft.is

**Steinbock þjónustan, leiðandi fyrirtæki í rúm 40 ár í þjónustu á lyfturum.**

# Þorbjörg ÞH aflahæst strandveiðibáta

Jón Tryggvi Árnason á Þorbjörgu ÞH frá Raufarhöfn varð aflahæstur á strandveiðum sumarsins með tæplega 35 tonn í 46 róðrum en öllum aflanum var landað á Raufarhöfn. Heildarinnkoman var tæpar 9 milljónir króna samkvæmt frétt LS og MBL sem tiltekur að alls hafi afli tólf strandveiðibáta verið yfir 30 tonn í sumar og reru tíu þeirra á C-svæði, sem nær frá Húsavík til Djúpavogs, en tveir á B-svæði frá Norðurfirði til Grenivíkur. Fjöldi róðra var mjög misjafn eftir svæðum, en þeim er lokað þegar ákveðnum viðmiðunarafla hvers mánaðar er náð á hverju svæði.

Aflahæstu bátar á hverju svæði bera allir kvenmannsnafn og nafnið á báti sínum sækir Jón Tryggvi til móður sinnar. Þorbjörg ÞH var aflahæst á C-svæði, Gunna Beta ÍS á B-svæði með 31 tonn í 39 róðrum, Hulda SF á D-svæði frá Höfn í Borgarnes með 27,2 tonn í 32 róðrum og Sif SH varð aflahæst á A-svæði frá Arnarstapa til Súðavíkur með 22,6 tonn í 28 róðrum.

Þótt aflinn sé oftast þorskur, fást stundum aðrar tegundur, jafnvel hlýri.

Guðmundur í Nesi RE-13 er með mestan kvótann á nýbyrjuðu fiskveiðiári.

# Kvótahæstu skipin fiskveiðiárið 2016 – 2017

Hér fylgir listi yfir kvótahæstu skipin samkvæmt aflahlutdeild en listin er fengin frá Fiskistofu. Raðað er eftir aflahlutdeild og getið heimahafnar en á listanum eru þau skip sem eru með 2.000 tonna aflaheimild eða meira. Alls eru það 65 skip með 252.079.735 þorskígildis kg.

| Nafn | Heimahöfn | Þorskgígildiskvóti/ kg |
|---|---|---|
| Guðmundur í Nesi RE-13 | Reykjavík | 8.324.297 |
| Kaldbakur EA-1 | Akureyri | 8.086.046 |
| Gullberg VE-292 | Vestmannaeyjar | 7.493.792 |
| Júlíus Geirmundsson | Ísafjörður | 7.121.951 |
| Málmey SK-1 | Sauðárkrókur | 6.847.904 |
| Björgvin EA-311 | Dalvík | 6.693.818 |
| Ottó N. Þorláksson RE-203 | Reykjavík | 6.569.100 |
| Höfrungur III AK-250 | Akranes | 6.476.761 |
| Helga María AK-16 | Akranes | 5.489.555 |
| Arnar HU-1 | Skagaströnd | 5.483.196 |
| Sturlaugur H. Böðvarsson AK-10 | Akranes | 5.479.371 |
| Gnúpur GK-11 | Grindavík | 5.455.395 |
| Hrafn Sveinbjarnarson GK-255 | Grindavík | 5.373.226 |
| Örfirisey RE-4 | Reykjavík | 4.989.332 |
| Mánaberg ÓF-42 | Ólafsfjörður | 4.956.969 |
| Ásbjörn RE-50 | Reykjavík | 4.926.812 |
| Klakkur SK-5 | Sauðárkrókur | 4.899.637 |
| Björgúlfur EA-312 | Dalvík | 4.779.889 |
| Barði NK-120 | Neskaupstaður | 4.751.413 |
| Ljósafell SU-10 | Fáskrúðsfjörður | 4.448.977 |
| Kleifaberg RE-70 | Reykjavík | 4.415.163 |
| Páll Pálsson ÍS-102 | Hnífsdalur | 4.399.558 |
| Sigurbjörg ÓF-1 | Ólafsfjörður | 4.383.320 |
| Sirrý ÍS-36 | Bolungarvík | 4.345.366 |
| Snæfell EA-310 | Akureyri | 4.307.607 |
| Oddeyrin EA-210 | Akureyri | 4.281.712 |
| Vörður EA-748 | Grenivík | 3.942.891 |
| Þórunn Sveinsdóttir VE-401 | Vestmannaeyjar | 3.934.727 |
| Sóley Sigurjóns GK-200 | Garður | 3.918.131 |
| Páll Jónsson GK-7 | Grindavík | 3.286.778 |
| Drangavík VE-80 | Vestmannaeyjar | 3.278.783 |
| Sighvatur GK-57 | Grindavík | 3.234.501 |
| Múlaberg SI-22 | Siglufjörður | 3.111.701 |
| Bjartur NK-121 | Neskaupstaður | 3.060.347 |
| Tjaldur SH-270 | Rif | 3.053.217 |
| Fjölnir GK-157 | Grindavík | 2.989.390 |
| Baldvin Njálsson GK-400 | Garður | 2.968.389 |
| Þerney RE-1 | Reykjavík | 2.958.564 |
| Frosti ÞH-229 | Grenivík | 2.930.852 |
| Gullver NS-12 | Seyðisfjörður | 2.900.374 |
| Vestmannaey VE-444 | Vestmannaeyjar | 2.734.188 |
| Jóhanna Gísladóttir GK-557 | Grindavík | 2.723.996 |
| Hvanney SF-51 | Hornafjörður | 2.717.268 |
| Brynjólfur VE-3 | Vestmannaeyjar | 2.715.157 |
| Anna EA-305 | Akureyri | 2.715.033 |
| Skinney SF-20 | Hornafjörður | 2.709.577 |
| Kristín GK-57 | Grindavík | 2.702.177 |
| Bergey VE-544 | Vestmannaeyjar | 2.679.804 |
| Áskell EA-749 | Grenivík | 2.659.674 |
| Dala Rafn VE-508 | Vestmannaeyjar | 2.648.565 |
| Valdimar GK-195 | Vogar | 2.629.994 |
| Steinunn SF-10 | Hornafjörður | 2.572.356 |
| Hrafn GK-111 | Grindavík | 2.562.872 |
| Kristrún RE-177 | Reykjavík | 2.435.464 |
| Suðurey ÞH-9 | Þórshöfn | 2.396.471 |
| Grundfirðingur SH-124 | Grundarfjörður | 2.336.707 |
| Hringur SH-153 | Grundarfjörður | 2.320.797 |
| Vilhelm Þorsteinsson EA-11 | Akureyri | 2.251.582 |
| Hafdís SU-220 | Eskifjörður | 2.234.873 |
| Brimnes RE-27 | Reykjavík | 2.228.858 |
| Tómas Þorvaldsson GK-10 | Grindavík | 2.208.659 |
| Þórir SF-77 | Hornafjörður | 2.175.176 |
| Núpur BA-69 | Patreksfjörður | 2.162.435 |
| Sturla GK-12 | Grindavík | 2.138.777 |
| Heimaey VE-1 | Vestmannaeyjar | 2.070.463 |

# Sjávarútvegsráðherra fylgir tillögum HAFRÓ um ráðlagðan heildarafla í öllum tegundum

Hafrannsóknastofnunin kynnti skýrslu stofnunarinnar um ástand fiskistofna og aflahorfur fiskveiðiárið 2016/2017 þann 9. júní sl. Hafrannsóknastofnun birtir árlega skýrslu um nytjastofna sjávar og aflahorfur næsta árs. Í skýrslunni er að finna hefðbundið yfirlit yfir ástand einstakra nytjastofna, þróun veiða og mat á stofnstærð. Á grundvelli langtímamarkmiða um sjálfbæra nýtingu er lagt til aflamark fyrir á fjórða tug stofna, sem miðast við varúðarsjónarmið og hámarksnýtingu til lengri tíma litið. Skýrslan í ár er talsvert breytt frá því sem verið hefur undanfarin ár. Í fyrsta lagi er nú kafli um helstu breytingar í vistkerfinu og áhrif athafna mannsins á það en einnig er samantekt um fiskveiðar á Íslandsmiðum. Í öðru lagi hefur formi skýrslunnar og framsetningu ráðgjafar verið breytt verulega.

## Þorskur

Hrygningarstofn þorsks hefur stækkað á undanförnum árum og hefur ekki verið stærri í fjörutíu ár. Veiðihlutfall hefur lækkað og er það lægsta á því tímabili sem gögnin ná yfir. Nýliðun hefur verið fremur stöðug síðan 1998 en mun lægri en hún var árin 1955–1985. Stækkun stofnsins er því fyrst og fremst afleiðing minnkandi sóknar. Árgangurinn frá 2013 er metinn slakur en árgangar 2014 og 2015 um 200 milljónir þriggja ára nýliða, sem er aðeins yfir langtímameðaltali (175 milljónir). Áætlað er að viðmiðunarstofninn minnki nokkuð árið 2017 þegar slakur árgangur frá 2013 bætist í hann en fari síðan vaxandi á árunum 2018-2019 þegar árgangarnir frá 2014 og 2015 koma inn.

Meðalþyngd eftir aldri í afla hefur aukist undanfarin ár og var árið 2015 nálægt langtímameðaltali (1955–2015). Þyngdir 3–9 ára í stofnmælingum árið 2016, sem eru notaðar til að spá um þyngdir í viðmiðunarstofni árið 2016, eru nokkuð lægri en verið hefur síðustu árin. Vegna þessa er mat á viðmiðunarstofni í ársbyrjun 2016 nú um 9% lægra en fram kom í síðustu skýrslu. Samkvæmt aflareglu verður aflamark 244 þúsund tonn á fiskveiðiárinu 2016/2017, eða 5 þúsund tonnum hærra en aflamark yfirstandandi fiskveiðiárs.

## Ýsa

Hrygningarstofn ýsu hefur minnkað á undanförnum árum en er yfir varúðar- og aðgerðarmörkum aflareglu. Veiðihlutfall árin 2014 og 2015 er metið það lægsta á stofnmatstímabilinu. Árgangar 2008-2013 eru allir metnir litlir en árgangur 2014 stór og 2015 árgangurinn nálægt meðaltali. Áætlað er að viðmiðunarstofninn verði í lágmarki 2017 en stækki eftir það þegar árgangur 2014 bætist við hann. Samkvæmt aflareglu verður aflamark 34,6 þúsund tonn á fiskveiðiárinu 2016/2017 sem er 1,8 þúsund tonnum lægra en aflamark yfirstandandi fiskveiðiárs.

## Ufsi

Ufsastofninn hefur stækkað undanfarin ár og er hrygningarstofninn nú nálægt meðaltali áranna 1980–2015. Nýliðun áranna 2009–2015 er frekar jöfn og 20% yfir meðaltali áranna eftir 1980. Veiðihlutfall árið 2015 var undir settu marki. Stofnstærð mun lítið breytast á næstu árum miðað við fyrirliggjandi gögn en stofnmat ufsa er fremur ónákvæmt samanborið við þorsk og ýsu vegna mikils breytileika í vísitölum og vöntun á mælingum á stærð uppvaxandi árganga.

Á síðasta fiskveiðiári náðust úthlutaðar aflaheimildir í ufsa ekki og stefnir í að svo verði einnig á yfirstandandi fiskveiðiári. Breytingar í flotasamsetningu á síðustu árum gætu hafa leitt til þess að ufsi veiðist ekki í sama mæli og áður. Aflahlutdeild línu hefur aukist en hlutdeild tog- og netaveiði minnkað. Samkvæmt aflareglu verður aflamark 55 þúsund tonn á fiskveiðiárinu 2016/2017 sem er það sama og núverandi fiskveiðiárs.

## Gullkarfi

Hrygningarstofn gullkarfa hefur vaxið ört síðan 2004 og er vel yfir skilgreindum varúðar- og aðgerðarmörkum. Veiðidánartala hefur verið nálægt settu marki undanfarin fimm ár. Samkvæmt aflareglu verður aflamark 52,8 þúsund tonn á fiskveiðiárinu 2016/2017 eða 1,8 þúsund tonnum hærra en ráðlagt aflamark yfirstandandi fiskveiðiárs.

## Síld

Góð nýliðun á árunum 1999–2002 leiddi til þess að hrygningarstofn sumargotssíldar náði hámarki á árunum 2005–2008. Hann minnkaði hins vegar hratt til ársins 2011 vegna affalla af völdum Ichthyophonus sýkingar í stofninum. Áframhaldandi samdráttur í stærð hrygningarstofns er rakinn til minnkandi nýliðunar. Veiðidánartala var lág í byrjun sýkingartímabilsins en hefur aukist og er nú nálægt þeirri sókn sem gefur hámarksafrakstur til lengri tíma litið. Gera má ráð fyrir að hrygningarstofninn muni ná lágmarki 2017 vegna lítilla árganga frá 2011 og 2012. Ráðgjöf um aflamark fyrir fiskveiðiárið 2016/2017 er 63 þús. tonn, eða 8 þúsund tonnum lægri en fyrir yfirstandandi fiskveiðiár. Ráðgjöfin miðast við þá sókn er gefur hámarksafrakstur til lengri tíma litið.

Almennt má segja að flestir okkar nytjastofnar eru taldir í ágætu jafnvægi og nýting þeirra hófleg, þannig að breytingar í stofnstærð og ráðgjöf markast af óvissu í vexti og stærð uppvaxandi árganga.

Skýrsla Hafrannsóknastofnunar, sem nú heitir Hafrannsóknastofnun - rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna. Veiðimálastofnun og Hafrannsóknastofnun hafa sameinast í nýja öfluga rannsóknastofnun undir ofangreindu heiti. Skýrslan er afar vandað rit.

## Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar eru viss vonbrigði

Gunnar Bragi Sveinsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur tekið ákvörðun um heildarafla tiltekinna fisktegunda fyrir næsta fiskveiðiár, 2016/2017 eftir samráð í ríkisstjórn. Ráðherra fylgir tillögum Hafrannsóknarstofnunnar um ráðlagðan heildarafla í öllum tegundum líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Í samráði í ríkisstjórninni ítrekaði ráðherra nauðsyn þess að stórauka fjármagn til hafrannsókna.

„Ráðgjöf Hafrannsókarstofnunar var viss vonbrigði miðað við væntingar. Við erum að sjá ákveðin lúxusvanda á Íslandi vegna góðrar fiskveiðistefnu og þurfum að styrkja hafrannsóknir til þess að leita skýringa á því til dæmis hversvegna nokkrir árgangar þorsksins eru að léttast," segir Gunnar Bragi Sveinsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Margir nytjastofna á Íslandsmiðum eru í ágætu jafnvægi og nýting þeirra hófleg, eins og segir í nýrri skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar. Veiðum úr mörgum mikilvægustu nytjastofnum á Íslandsmiðum er stýrt á grundvelli aflareglna sem hafa verið prófaðar af Alþjóða hafrannsóknaráðinu (ICES) og standast alþjóðleg varúðarsjónarmið. Þessar aflareglur styrkja einnig stöðu íslenskra sjávarafurða á alþjóðamarkaði, enda er vaxandi áhersla markaðsaðila erlendis á að selja sjávarafurðir sem vottaðar eru sem sjálfbærar.

Um mikilvægasta nytjastofninn, þorskinn er það að segja að nýliðun undangengin allmörg ár hefur verið nokkuð undir meðallagi en stækkun stofnsins á undanförnum árum talin bein afleiðing af minni sókn.

# ÍSLENSKUR SJÁVARÚTVEGUR Í ALÞJÓÐLEGU SAMHENGI

## Sjávarútvegur er mikilvægasta atvinnugrein landsins," segir dr. Ágúst Einarsson í nýútkominni bók

Aflaverðmæti íslenskra skipa hefur tvöfaldast á sambærilegu verðlagi síðustu rúm 30 árin. Þetta er góður árangur og sýnir að aðgæsla hefur verið sýnd við veiðarnar og ráðgjöf fiskifræðinga verið fylgt í meginatriðum, auk þess sem betri skipulagning við veiðar og vinnslu skilar sér í meiri verðmætum," segir dr. Ágúst Einarsson, prófessor og höfundur bókarinnar „Íslenskur sjávarútvegur í alþjóðlegu samhengi", sem kom út fyrir skömmu. Ágúst er prófessor við Háskólann á Bifröst og fyrrverandi rektor skólans.

Ágúst segir sjávarútveg eldfimt en afar skemmtilegt málefni og nauðsynlegt að gera því skil á íslenskri tungu. Margir geri sér ekki grein fyrir því hve alþjóðleg og fjölbreytt greinin sé því hávaðinn í kringum deiluefnin sé oft svo mikill. Í bókinni kemur m.a. fram að framlag sjávarútvegs og tengdra atvinnugreina til landsframleiðslu Íslands sé um 20%. Í bókinni er rökstutt að vel fari á því að hér á landi að 20. öldin sé kölluð öld sjávarútvegsins. Ágúst leggur fram tillögur til umbóta til að efla sjávarútveg hérlendis og hvernig eigi að taka á helstu ágreiningsmálum innan sjávarútvegsins og dregur fram alla helstu grunnþætti sem þurfa að vera til staðar til þess að atvinnugreinin nái og haldi þeirri stöðu sem hún hefur í atvinnulífi Íslendinga.

„Hlutdeild í gjaldeyrisöflun segir þó ekki alla söguna. Það sem markar fyrst og fremst mikilvægi einstakra atvinnuvega er framleiðni þeirra, það er annars vegar hversu mikið er framleitt á hvern starfsmann, framleiðni vinnuafls, og hins vegar framleiðni fjármuna, það er hversu mikið er framleitt á hverja fjárfesta krónu sem er framleiðni fjármagns. Á Íslandi er framleiðni vinnuafls og fjármuna almennt lág, sérstaklega í þjónustu eins og í ferðaþjónustu. Ástæðan fyrir góðum lífskjörum hérlendis er fyrst og fremst sú að hér er mikil atvinnuþátttaka og unnið er lengur í hverri viku en raunin er í sambærilegum löndum. Framleiðni í sjávarútvegi er góð hérlendis miðað við aðrar atvinnugreinar en framleiðni fjármagns í orkufrekum iðnaði er lág. Framleiðni vinnuafls og fjármuna í ferðaþjónustu er lítil hérlendis. Þetta undirstrikar mikilvægi sjávarútvegs í efnahagslífinu," segir Ágúst í þessari merku og löngu tímabæru bók sem sannarlega á erindi til íslensku þjóðarinnar.

### Íslenskur sjávarútvegur stendur vel á alþjóðavísu

Atvinnuhættir heimsins eru að gerbreytast, meðal annars með aukinni sjálfvirkni og vélmennum. Telur Ágúst að mjög mörg störf muni hverfa á næstu áratugum, meðal annars í frumvinnslu sjávarfangs, en störfum sem krefjast aukinnar menntunar mun fjölga. Brýnt er því að gera sér vel grein fyrir hvernig tækniþróunin verður í sjávarútvegi á heimsvísu næstu áratugina.

„Íslenskur sjávarútvegur stendur sig vel á alþjóðavísu og mikil gróska er í tengdum greinum og framleiðslu nýrra afurða í hátækniatvinnugreinum. Það ber því að hlúa sérstaklega að mannauðnum og nýsköpun einstaklinga og fyrirtækja og gera það í meira mæli en nú er gert."

Ágúst segir það fyrirkomulag sem Íslendingar hafa komið upp við stjórn fiskveiða í sókn á heimsvísu. „Um aldamótin síðustu voru fimm ríki með kerfi einstaklingsbundinna og framseljanlegra aflahlutdeilda en um 2010 voru 22 ríki sem stýrðu veiðum með þessum hætti og veiddu þau um fjórðung af heimsaflanum. Íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið þykir gott að mati sérfræðinga erlendis og er talið hagkvæmt."




Í bókinni leitast Ágúst við að svara þeirri spurningu af hverju þurfi að stjórna fiskveiðum umfram flest annað í efnahagslífinu en það hefur oft valdið miklum deilum hérlendis og annarsstaðar í heiminum. Þegar rætt er um ríkistyrki í sjávarútvegi erlendis verður að hafa í huga að þeir eru oft á tíðum tilkomnir vegna þess að á vettvangi stjórnmála hefur ekki þótt ásættanlegt að leggja í þá nauðsynlegu hagræðingu sem þörf er á vegna offveiði og offjárfestingar. Einnig þarf að hafa í huga að víðar er sjávarútvegur jaðarstærð í hagkerfi landanna, öfugt við Ísland."

### Mest aflaverðmæti til Vestmannaeyja á liðlega tveggja áratuga skeiði

Á liðlega 20 ára tímabili frá 1992 til 2014 barst mest aflaverðmæti að landi til Vestmannaeyja, 15,2 milljarðar króna, raðað eftir heimahöfnum skipa og meðalársafla á verðlagi ársins 2015. Neðangreindir 20 staðir eru með 78% af öllu aflaverðmæti skipa á landinu á viðmiðunartímanum á sambærilegu verðlagi. Landanir dreifast, sérstaklega í uppsjávarveiðum þar sem landað er oft, eða oftast, í næstu höfn.

Stærstu löndunarhafnir á ofangreindu tímabili eru neðangreindar mældar í aflaverðmæti í milljörðum króna, alls 107,8 milljarðar króna;

1. **Vestmannaeyjar** 15,2
2. **Reykjavík** 14,5
3. **Akureyri** 10,8
4. **Grindavík** 10,2
5. **Akranes** 6,3
6. **Hafnarfjörður** 4,9
7. **Ólafsfjörður** 4,9
8. **Hornafjörður** 4,6
9. **Neskaupstaður** 4,2
10. **Ísafjörður** 3,5
11. **Grundarfjörður** 3,3
12. **Grenivík** 3,3
13. **Þorlákshöfn** 3,0
14. **Eskifjörður** 2,9
15. **Rif** 2,9
16. **Ólafsvík** 2,9
17. **Keflavík** 2,8
18. **Dalvík** 2,6
19. **Sauðárkrókur** 2,5
20. **Garður** 2,5

Á öðrum stað í bókinni er tafla yfir stærstu útgerðir og fyrirtæki árið 2014 og þar bera þrjú fyrirtæki af hvað varðar veltu í milljörðum króna, þ.e. Samherji á Akureyri með 78,4 milljarða króna, HB Grandi í Reykjavík með 33,2 milljarða króna og Síldarvinnslan í Neskaupstað með 21,4 milljarða króna.

Ágúst Einarsson rekur að fiskveiðar og fiskvinnsla hafi fylgt manninum frá ómunatíð og verið mikilvægur þáttur í fæðuöflun hans. Fiskveiðar hafa einnig ætíð haft þýðingu í trúarbrögðum, menningu og listsköpun. Sjávarútvegur sem atvinnugrein býr nú á tímum víðast hvar við svipaðar aðstæður og aðrar atvinnugreinar þar sem markaðslögmálin, með eftirspurn, framboði og fyrirkomulagi eignaréttar, gegna lykilhlutverki.

### Tillögur til umbóta

Höfundur leggur fram nokkrar tillögur til eflingar sjávarútvegi hérlendis. Sátt verði að nást meðal flestra landsmanna um fiskveiðistjórnunarkerfið. Það hafi reynst vel og það yrði til mikils tjóns ef því yrði breytt verulega, t.d. með stórfelldum uppboðum veiðiheimilda, takmörkunum á framsali veiðiheimilda eða mikilli stækkun svokallaðra potta, en pottur er sá hluti kvótans sem er ráðstafað til sérstakra verkefna. Með því mundi afrakstur greinarinnar rýrna sem mundi koma niður á lífskjörum landsmanna. Hins vegar telur Ágúst eðlilegt að veiðileyfagjald sé hækkað.

„Í nútímaefnahagslífi skiptir fjölbreytt atvinnulíf öllu fyrir lífskjörin. Á síðustu öld var lífið í þessu landi fiskur. Þær aðstæður eru auðvitað breyttar en sjávarútvegurinn er og verður hryggjarstykkið í efnahagslífi þessarar þjóðar og mun gegna lykilhlutverki í nýrri atvinnuháttarbyltingu á 21. öldinni," segir dr. Ágúst Einarsson.

# Sjávarútvegssýningin ICELAND FISHING EXPO 2016

## Yfir 100 sýnendur í Laugardalshöll 28. - 30. september nk.

Mikil uppsveifla hefur átt sér stað í íslenskum sjávarútvegi. Tæknibylting hefur orðið í útgerð og vinnslu sem hefur komið íslenskum sjávarútvegi í fremstu röð. Fjöldinn allur af sprotafyrirtækjum hafa litið dagsins ljós sem þróað hafa aðferðir til að vinna úr fiskinum hinar ýmsu afurðir, má þar t.d. nefna snyrtivörur, lyf, vítamín og vörur unnar úr fiskroði. Það má því með sanni segja að með þessari nýsköpun og skapandi hugsun er bjart framundan í íslenskum sjávarútvegi.

Iceland Fishing Expo er fyrsta alþjóðlega sjávarútvegssýningin sem haldin er hérlendis sem alfarið er í höndum íslenskra aðila en framkvæmdastjóri hennar er Ólafur M. Jóhannesson. Á sýningunni verða veittar viðurkenningar af hálfu samtaka innan sjávarútvegsins til þeirra sem taldir hafa skarað fram úr á árinu á sviði sjávarútvegsins. Nýsköpun í sjávarutvegi mun verkja athygli á sýningunni en á þar mun á að líta hugvit sem er vissulega á heimsmælikvarða og tæki sem eru meðal þeirra sem eru hin fullkomnustu á heimsmarkaðnum í dag. Þetta hugvit og þessi tæki gefa neytendum tækifæri til þess að ferskra sjávarafurða, ekki bara hérlendis heldur um allan heim.

Það verður vissulega tilefni til að skoða þessa sýningu, ekki bara af hálfu þeirra sem tengjast sjávarútvegi með einhverjum hætti, heldur ekki síður mun almenningur fá betri innsýn í þessa helstu atvinnugrein landsmanna, sjávarútveginn og fyrirtæki í þjónustu hans.

ICELAND FISHING EXPO 2016
Sjávarútvegur 2016

# Sjávarútvegsráðstefnan í Hörpu í nóvember

Sjávarútvegsráðstefnan verður haldin í Hörpu dagana 24. - 25. nóvember nk. Þeir sem eru með framúrstefnuhugmyndir sem efla íslenskan sjávarútveg og tengdar atvinnugreinar eru beðnir að gefa sig fram. Sjávarútvegsráðstefnan kallar eftir framúrstefnulegum nýsköpunarhugmyndum, sem veita á viðurkenningu fyrir á næstu ráðstefnu vettvangsins. Markmiðið er að hugmyndirnar séu framsæknar og frumlegar og skapi umræðugrundvöll eða nýja hugsun.

Það sem þarf að hafa í huga er að framúrstefnuhugmynd sé sett fram á hnitmiðaðan hátt þar sem fram kemur lýsing á hugmynd, tillaga að framkvæmd, væntanlegur afrakstur og áhrif til góðs fyrir ímynd íslenskra afurða. Frestur til að skila inn umsóknum er til 25. október nk.Veitt verður verðlaunafé að upphæð 500 þúsund krónur og þrjár bestu hugmyndirnar fá kynningu og sérstaka viðurkenningu á Sjávarútvegsráðstefnunni. Til að styðja enn frekar við góðar framúrstefnuhugmyndir verða bestu hugmyndir hvers árs að finna í ráðstefnuheftum á næstu árum.

Framleiðsluflóran er fjölbreytt.

# Afurðir unnar úr hrognum

Vignir G. Jónsson á Smiðjuvöllum á Akranesi er fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað árið 1970. Það sameinaðist HB Granda árið 2013 og er nú rekið sem dótturfyrirtæki félagsins. Helstu framleiðsluvörur Vignis G. Jónssonar eru ýmsar afurðir unnar úr hrognum. Þau hrogn sem notuð eru við framleiðslu í fyrirtækinu eru meðal annars hrogn úr grásleppu, loðnu, flugfiski, þorski, ýsu, löngu og ufsa. Þróunarvinna er stór þáttur í rekstri fyrirtækisins og hefur fyrirtækið yfir að ráða öflugri fullvinnsluverksmiðju. Stærsti hluti framleiðslunnar er seldur til Evrópu og Bandaríkjanna.

# Hafsýn frá Trackwell breytir upplýsingum um veiðar í þekkingarverðmæti útgerða

## Gerir rekjanleika frá uppruna afurða mögulegan

Undanfarin ár hafa auknar kröfur verið gerðar til skipstjórnarmanna um skráningar gagna um borð í fiskiskipum. Skráningar geta verið tímafrekar og oft þarf jafnvel að skrá sömu upplýsingarnar á mörgum mismunandi stöðum. Mikil ávinningur felst í því að halda utan um slíkar skráningar í einu kerfi fyrir skipstjóra, útgerð, vinnslu, sölu og fiskveiðiyfirvöld. Einnig er hægt að samtengja gögnin við upplýsingar frá öðrum kerfum um borð. Með þessu móti fækkar tvískráningum, verðmæti upplýsinganna verður meira og þær verða aðgengilegri öllum hagsmunaðilum.

Skipstjóri getur skipulagt veiðar og vinnslu með tilliti til afurðaverðmæta og framleiðni, ásamt því að halda utan um sögu fyrri veiðiferða. Í kerfinu er m.a. hægt að skoða veiðislóðir, afla og verðmæti eftir mismunandi tímabilum og ýmsum umhverfisþáttum. Útgerðaraðilar fá gögnin sjálfkrafa send samtímis og geta því skipulagt áframhaldandi vinnslu og sölu afurða jafnóðum og aflinn er veiddur. Auk þess safnast upp þekking sem getur nýst fyrirtækinu seinna meir við veiðar og skipulag vinnslu.

Jón Ingi Björnsson framkvæmdastjóri Trackwell.

Viðskiptavinir geta einnig notið góðs af því að haldið er utan um rekjanleika afurða og býður kerfið upp á möguleika fyrir viðskiptavini eða endursöluaðila að fá upplýsingar um uppruna og staðfestingu á sjálfbærni vörunnar.

Einnig skilar kerfið þeim upplýsingum sem krafist er af fiskveiðifirvöldum, bæði við eftirlit og fyrir vísindarannsóknir.

### Hagræðing við aukna yfirsýn og samtengingu upplýsinga

Þeir viðskiptavinir sem hafa innleitt kerfið að fullu hafa séð mikla hagræðingu við aukna yfirsýn og samtengingu upplýsinga. Í kerfinu er m.a. hægt meta afkomu og verðmæti og nýtist kerfið öllum helstu lykilstarfsmönnum fyrirtækisins, eins og framleiðslustjóra, markaðsstjóra, gæðastjóra, forstjóra og fleirum.

Það er vaxandi eftirspurn frá markaði sjávarafurða um meiri upplýsingar um mat á sótspori og sjálfbærni. Því eru mörg útgerðarfyrirtæki farin að mæta þessum kröfum. Eitt dæmi um hagnýtingu kerfisins er tenging afurðaskráninga um borð við límmiðaprentun, þar sem hægt er að senda upplýsingar á límmiða, eins og QR kóða sem hægt er að nota við að rekja afurðina allt til þess hvar og hvenær hún var veidd.

„Lykilatriðið í þróun kerfisins er samstarf við skipstjórnarmenn útgerðastjóra og aðra fagaðila. Kerfin tengja framleiðsluferli fiskiskipa og útgerðar í heilstætt kerfi og þarf því ákveðna áræðni og framtíðarsýn til að innleiða nýja verkferla fyrir allt fyrirtækið svo kerfin séu nýtt sem best. Þau útgerðarfyrirtæki sem hafa tekið fyrstu skrefin í þessu sjá strax mikinn ávinning og framtíðartækifæri. Við munum kynna Hafsýn á íslensku sjávarútvegssýningunni í Laugardalshöll þar sem við erum spenntir að fá að kynna helstu nýjungar fyrir greininni. Ég tel sjálfur að þau fyrirtæki sem innleiða slíkar lausnir séu þau sem hafa sterka framtíðarsýn og sjá þróunina verða á þá leið að útgerðir verði matvæla- og sjávarútvegsfyrirtæki með umhverfishugsun að leiðarljósi," sagði Jón Ingi Björnsson framkvæmdastjóri Trackwell.

VEIÐARFÆRA ÞJÓNUSTAN ehf

ÞJÓNUSTA :

HÖNNUN VEIÐARFÆRA
Hönnun veiðarfæra: Hönnum veiðarfæri frá grunni ef með þarf. Einnig sjáum við um breytingar og lagfæringar á veiðarfærum til að aðlaga þau að óskum kaupenda.

UPPSETNING OG FRÁGANGUR VEIÐARFÆRA
Sjáum um uppsetningu og frágang veiðarfæra að óskum kaupenda.

VIÐHALD VEIÐARFÆRA
Yfirförum allar gerðir veiðarfæra.

VÍRAR, HÓLKAR, 600TN VÍRAPRESSA
Eigum á lager flestar gerðir vinnsluvíra og kranavíra. Erum með 600tn vírapressu, og þrykkjum bæði ál og stálhólka með hefðbundnum augum með eða án kóssa. Erum einnig með stálaugu f/ víra og vírmanillu.

ROCKHOPPERAR OG FÓTREIPI
Erum með rockhopperpressu. Setjum upp og lagfærum lengjur af öllum stærðum og gerðum, að óskum kaupenda. Eigum ávallt til á lager rockhopperdiska 10-24" í ýmsum þyngdum. Einnig erum við með milligúmmí af flestum stærðum. Setjum einnig upp fótreipi fyrir dragnætur og humartroll.

KEÐJUR OG LÁSAR
Stálkeðjur 9-32mm og galvanisíraðar 4-32mm frá Trygg í Noregi. Patentlása frá Parson og Silverline, og járnavara frá Markussen.

NET TÓ OG GARN
Net tó og garn frá Hampiðjunni, Cotesi og Euronet í Portugal.

ALL T Í NETAÚTHALDIÐ
Eigum efni í færi, sérta, baujur, belgi, teina og fleirra

NETAFELLING OG AFSKURÐUR
Tökum að okkur netafellingu og afskurð.

SKILJUR
Setjum upp og sjáum um viðhald á Sort-V smáfiskaskiljum og rækjuskiljum.

SJÓFATNAÐUR
Sjófatnaður, vettlingar, hnífar, brýni og ýmislegt fyrir útgerðina.

Frekari upplýsingar færðu áwww.veidarfaeri.is

VEIÐARFÆRAÞJÓNUSTAN EHF ÆGISGATA 3, 240 GRINDAVÍK SÍMI: 426 7717 - 894 1891 - 897 6230

# Humarinn er verðmætasta afurð Skinneyjar

## Þinganes á Hornafirði

Sjávarútvegsfyrirtækið Skinney-Þinganes á Höfn í Hornafirði rekur saltfiskverkun árið um kring auk þess að frysta í stórum stíl humar, loðnu, makríl og síld. Þá er ótalin hrognavinnsla, sundmagaverkun og vinnsla á fleiri aukaafurðum. Við þessa starfsemi vinna 150–170 manns í landi. Fyrirtækið gerir út átta fiskiskip með liðlega 90 manna áhöfn alls. Það eru Jóna Eðvalds, Ásgrímur Halldórsson, Þórir, Þinganes, Steinunn, Hvanney, Skinney og Vigur.

Á innlendum markaði eru afurðir fyrirtækisins seldar og markaðssettar undir merkinu Skinney – Þinganes en Blumaris á erlendum vettvangi. Uppsjávarfiskur er einkum frystur, ýmist flakaður eða heill, en hluti aflans er unninn í mjöl og lýsi. Afurðirnar fara á erlendan markað. Bolfiskur er seldur frosinn og ferskur en þó er mest verkað í saltfisk sem er að stórum hluta fluttur til Portúgals og Spánar. Verðmætasta afurð fyrirtækisins er humarinn. Hann er flokkaður í verðflokka og ræður stærð og útlit humarsins mestu um flokkunina. Langstærstur hluti afurða fyrirtækisins er seldur úr landi til Kanada, Spánar, Portúgals, Þýskalands, Frakklands, Bretlands, Noregs, Egyptalands, Kína, Japan og Suður-Kóreu, auk Rússlands og fleiri landa í Austur-Evrópu.

**Fiskvinnsluhús Skinneyjar**
Þinganes við Hornafjarðarhöfn.

# SJÁVARÚTVEGUR
## UNDIRSTAÐA VELFERÐAR

HB GRANDI

HP GÁMAR
HÓPSNES

bh

VÍSIR

HS ORKA

VIGNIR G. JÓNSSON HF

ÞORBJÖRN

EFLING
STÉTTARFÉLAG

BRIM
SEAFOOD

VÉLAVERKSTÆÐI
JÓHANNS ÓLAFS HF.
Reykjavíkurvegi 70 • sími 555 2811

Skinney - Þinganes hf

Garður

oddi HF

ESKJA

Snæfellsbær

SVN
Síldarvinnslan hf

VESTURBYGGÐ

Fiskmarkaður
Þórshafnar ehf.

HVALUR HF.

TG RAF
SJÁLFVIRKNI

# Ódýrasti fiskurinn í Hafnarfirði

## Yfirleitt 25-75% verðmunur á fiskafurðum

Verðlagseftirlit ASÍ gerði verðsamanburð á fiskafurðum í 25 fiskbúðum og öðrum verslunum með fiskborð fyrir nokkrum vikum. Kannað var verð á 41 algengum tegundum fiskafurða. Í flestum tilvikum var á milli 25-75% verðmunur á hæsta og lægsta verði vöru á milli verslana. Fiskikóngurinn, Melabúðin og Fiskbúðin Vegamót Nesvegi neituðu þátttöku í könnuninni.

Lægsta verðið var oftast að finna hjá Fiskbúð Hafnarfjarðar Helluhrauni og Litlu Fiskbúðinni í Miðvangi Hafnarfirði, eða í 8 tilvikum af 41. Hafið fiskverslun Spöng var með hæsta verðið í 9 tilvikum af 41 og Hafið fiskverslun Hlíðarsmára í 8 tilvikum. Þar á eftir komu verslanirnar Hafið fiskverslun Skipholti, Fiskbúð Hólmgeirs Þönglabakka, og Gallerý fiskur Nethyl í 5 tilvikum. Fiskbúðin Sundlaugarvegi átti til flestar vörurnar í könnuninni eða 32 af 41, þar á eftir komu Fiskbúðin Hafberg Gnoðavogi, Fiskbúðin Hófgerði, Fiskbúðin Trönuhrauni, Litla fiskabúðin Miðvangi og Nóatún sem áttu 31 tegund. Minnst úrval af fiskmeti var hjá Kjöti og fiski Bergstaðarstræti eða aðeins 10 tegundir af 41 og Beint úr sjó Reykjanesbæ átti 16 tegundir.

Munur á hæsta og lægsta verði í könnuninni var frá 31% upp í 125%. Mestur verðmunur í könnuninni var á meðal kæstri skötu sem var dýrust á 1.690 kr./kg. hjá Fiskbúðinni Hafberg Gnoðavogi og Hafinu fiskverslun Hlíðarsmára en ódýrust á 750 kr./kg. hjá Fiskbúðinni Sjávarhöllinni Hólagarði, en það er 940 króna verðmunur eða, 125%. Minnstur verðmunur var á marineruðum laxi í bitum sem var ódýrastur á 2.290 kr/kg. hjá Fiskbúð Hafnarfjarðar Helluhrauni, Litlu fiskbúðinni Miðvangi og Gallerý fisk Nethyl en laxinn var dýrastur á 2.998 kr/kg. hjá Þinni verslun Seljabraut, en það er 708 króna verðmunur, eða 31%.

### Mikill verðmunur á ýsusoðningu með hrognum og lifur

Af öðrum tegundum sem í boði eru má nefna að roðflett og beinlaus ýsuflök voru ódýrust á 1.570 kr/kg. hjá Fiskbúðinni Sjávarhöllinni en dýrust á 2.190 kr/kg. hjá Kjöti og fiski Bergstaðarstræti sem gerir 40% verðmun. Einnig má benda á þegar könnunun var gerð var tími til að fá sé fersk hrogn með soðningunni en þau voru ódýrust á 1.187 kr/kg. hjá Fiskbúðinni Sjávarfang á Ísafirði en dýrust á 1.970 kr/kg. hjá Fiskbúðinni Sundlaugavegi sem gerir 66% verðmun. Með soðningunni er gott að fá sér lifur en í um helmingi tilvika fylgir hún frítt með en verðið á henni var annars frá 150 kr/kg. upp í 1.190 kr/kg.

Könnunin var gerð í verslununum Kjöt og fisk Bergstaðarstræti, Fiskbúðinni Sundlaugavegi, Kjöt og fisk Bergstaðarstræti, Þinni verslun Seljabraut, Fisk kompaní Akureyri, Fiskbúð Hafnarfjarðar Helluhrauni, Fiskbúðin Hafberg, Samkaupum Úrval Hafnarfirði, Beint úr sjó Reykjanesbæ, Nettó Granda, Fjarðarkaupum Hafnarfirði, Fiskbúðinni Trönuhrauni, Fiskbúðin Sjávarhöllin Hólagarði, Litlu Fiskbúðinni Miðvangi og Háaleitisbraut, Hafinu fiskverslun Hlíðasmára, Spöng og Skipholti, Nóatúni Háaleitisbraut, Fiskbúð Hólmgeirs Þönglabakka, Gallerý fisk Nethyl, Fiskbúðinni Hófgerði, Fiskbúð Sjávarfangs Ísafirði, Fiskbúðinni Mos Mosfellsbæ, Fiskbúð Siglufjarðar og Hagkaupum Kringlunni. Hér er aðeins um beinan verðsamanburð að ræða en ekki er lagt mat á gæði eða þjónustu söluaðila.

Í Litlu fiskbúðinni í Hafnarfirði er oftast að finna lægsta fiskverðið í fiskverslununum á landinu.


# Allt fyrir ferskleikann

60 x 40 kassalínan frá Tempru er hagkvæmari, sterkari og veitir lengra geymsluþol

10, 13 og 15 kg línan er þannig hönnuð að hún viðheldur ferskleika matvöru lengur en sambærilegar umbúðir.

Kostir nýju kassanna eru eftirtaldir:

- aukin lengd og rúmtak leiða til betri meðferðar á afurðum
- stærð kassanna er 60 x 40 sm og staflast þeir betur á vörubrettin
- vegna aukins styrks er hægt að stafla í hærri stæður en áður
- lengri fiskflök raðast betur innan kassa
- meira rými er fyrir ís eða kælimottur
- rúnnuð hornin auka einangrun og lengja geymsluþol
- breytt hönnun á hornum gerir kassana sterkari en áður
- betri einangrun næst með þéttari stöflun á bretti

Temprukassarnir eru undirstaða þess að íslenskur fiskur kemst ferskari til neytenda um allan heim.



Hitastig (°C) 5 mm fyrir ofan botn 60x40 cm
10 kg kassans eftir 6 klst. við 20 °C umhverfishita.




TEMPRA
einangrun – umbúðir

TEMPRA EHF • Íshella 8 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 520 5400 • tempra@tempra.is • www.tempra.is

# PÖKKUNARLAUSNIR

## ALLT Á EINUM STAÐ **FYRIR ATVINNUMENN OG HEIMILI**

**Vörumerking**

LÍMMIÐAR • PLASTKORT
AÐGÖNGUMIÐAR OG
MARGT FLEIRA...




- Kassar og öskjur
- Arkir og pokar
- Bakkar og filmur
- Aðgöngumiðar
- Límmiðar
- Plastkort
- Pökkunarvélar
- Hnífar og brýni
- Einnota vörur o.fl.

Skoðaðu vörulistann okkar á **www.samhentir.is**

SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

Suðurhrauni 4 • 210 Garðabæ • Furuvellir 3 • 600 Akureyri • Sími: 575 8000 • Fax: 575 8001 • www.samhentir.is

PRENTUN.IS

Friðlandið hefur vissulega sína töfra og geymir sögu.

# Fer friðland og laxeldi ekki saman?

Fyrir liggur umsókn fyrirtækisins Arnarlax í Arnarfirði um heimild til laxeldis í Jökulfjörðum. Tengdu því hyggjast forsvarsmenn Arnarlax setja upp starfsstöð í Bolungarvík. Jökulfirðirnir og Hornstrandafriðlandið eru demanturinn í stórkostlegri náttúru Vestfjarða og einn sterkasti segull ferðaþjónustunnar á þessu svæði. Því er langt frá því að sátt sé við Ísafjarðardjúp um þessa umsókn og bent á að friðland og laxeldi fari ekki saman. Ísafjarðarbær, sem landsvæðið tilheyrir, hefur ekkert með leyfisveitingar fyrir fiskeldi í Jökulfjörðum að gera þar sem fyrirhugaðar kvíar yrðu utan netalaga. Segja má að leyfismál vegna fiskeldis séu í ólestri en Ísafjarðarbær og Fjórðungssamband Vestfirðinga hafa barist fyrir skipulagsvaldi utan netlaga árum saman. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur knúið á um að settur verði lagarammi um skipulag og nýtingu strandsvæða og að sveitarfélög fái skipulagsvald að einni sjómílu en nú er miðað við netalög, sem eru 115 metrar frá stórstraumsfjöruborði.

Öflugt fiskeldi er nú við Ísafjarðardjúp og í Arnarfirði, og þessi starfsemi hefur skapað mikla atvinnu og hleypt öflugu lífi í atvinnulífið á Vestfjörðum. En kannski þarf að draga einhver mörk um það hvar þessi starfsemi er staðsett.

# FleXicut vélar frá Marel valda straumhvörfum í hvítfiskvinnslu

Undanfarin ár hafa auknar kröfur verið gerðar til skipstjórnarmanna um skráningar gagna um borð í fiskiskipum. Skráningar geta verið tímafrekar og oft þarf jafnvel að skrá sömu upplýsingarnar á mörgum mismunandi stöðum. Mikil ávinningur felst í því að halda utan um slíkar skráningar í einu kerfi fyrir skipstjóra, útgerð, vinnslu, sölu og fiskveiðiyfirvöld. Einnig er hægt að samtengja gögnin við upplýsingar frá öðrum kerfum um borð. Með þessu móti fækkar tvískráningum, verðmæti upplýsinganna verður meira og þær verða aðgengilegri öllum hagsmunaðilum.

Skipstjóri getur skipulagt veiðar og vinnslu með tilliti til afurðaverðmæta og framleiðni, ásamt því að halda utan um sögu fyrri veiðiferða. Í kerfinu er m.a. hægt að skoða veiðislóðir, afla og verðmæti eftir mismunandi tímabilum og ýmsum umhverfisþáttum. Útgerðaraðilar fá gögnin sjálfkrafa send samtímis og geta því skipulagt áframhaldandi vinnslu og sölu afurða jafnóðum og aflinn er veiddur. Auk þess safnast upp þekking sem getur nýst fyrirtækinu seinna meir við veiðar og skipulag vinnslu.

Viðskiptavinir geta einnig notið góðs af því að haldið er utan um rekjanleika afurða og býður kerfið upp á möguleika fyrir viðskiptavini eða endursöluaðila að fá upplýsingar um uppruna og staðfestingu á sjálfbærni vörunnar.

Einnig skilar kerfið þeim upplýsingum sem krafist er af fiskveiðifirvöldum, bæði við eftirlit og fyrir vísindarannsóknir.

Marel hefur þróað röntgentæknina í SensorX og hannað að hanna vél sem heitir FleXicut sem notar sömu tækni til að finna bein í hvítfiski og SensorX að finna bein í kjúklingakjöti og sker þau burtu með vatnsskurði.

### Hagræðing við aukna yfirsýn og samtengingu upplýsinga

Þeir viðskiptavinir sem hafa innleitt kerfið að fullu hafa séð mikla hagræðingu við aukna yfirsýn og samtengingu upplýsinga. Í kerfinu er m.a. hægt meta afkomu og verðmæti og nýtist kerfið öllum helstu lykilstarfsmönnum fyrirtækisins, eins og framleiðslustjóra, markaðsstjóra, gæðastjóra, forstjóra og fleirum.

Það er vaxandi eftirspurn frá markaði sjávarafurða um meiri upplýsingar um mat á sótspori og sjálfbærni. Því eru mörg útgerðarfyrirtæki farin að mæta þessum kröfum. Eitt dæmi um hagnýtingu kerfisins er tenging afurðaskráninga um borð við límmiðaprentun, þar sem hægt er að senda upplýsingar á límmiða, eins og QR kóða sem hægt er að nota við að rekja afurðina allt til þess hvar og hvenær hún var veidd.

„Lykilatriðið í þróun kerfisins er samstarf við skipstjórnarmenn útgerðastjóra og aðra fagaðila. Kerfin tengja framleiðsluferli fiskiskipa og útgerðar í heilstætt kerfi og þarf því ákveðna áræðni og framtíðarsýn til að innleiða nýja verkferla fyrir allt fyrirtækið svo kerfin séu nýtt sem best. Þau útgerðarfyrirtæki sem hafa tekið fyrstu skrefin í þessu sjá strax mikinn ávinning og framtíðartækifæri. Við munum kynna Hafsýn á íslensku sjávarútvegssýningunni í Laugardalshöll þar sem við erum spenntir að fá að kynna helstu nýjungar fyrir greininni. Ég tel sjálfur að þau fyrirtæki sem innleiða slíkar lausnir séu þau sem hafa sterka framtíðarsýn og sjá þróunina verða á þá leið að útgerðir verði matvæla- og sjávarútvegsfyrirtæki með umhverfishugsun að leiðarljósi," sagði Jón Ingi Björnsson framkvæmdastjóri Trackwell.

Við hafnargarðinn í Þorlákshöfn en sala aflaheimildanna hefur veruleg áhrif á atvinnulífið í Þorlákshöfn og reyndar í öllu sveitarfélaginu Ölfusi. Við bryggju er Hásteinn ÁR-8, dragnótabátur frá nágannabyggðarlaginu Stokkseyri sem er með 1014 þorskígildistonna aflamark. Fjöldi báta frá öðrum sveitarfélögum landar í Þorlákshöfn, s.s. frá Garði og Sandgerði.

# Hafnarnes VER seldi 1.600 þorskígildistonna aflaheimild til HB Granda

## Nýtist í nýrri bolfiskvinnslu á Vopnafirði

HB Grandi hefur fest kaup á aflahlutdeildum í bolfiski sem svara til tæplega 1.600 þorskígildistonna á 3.950 milljónir króna af Hafnarnesi VER í Þorlákshöfn. Ríflega helmingur aflaheimildanna er í þorski og er félagið með þessum kaupum að tryggja afla til vinnslu á Vopnafirði án þess að skerða afla til annarra starfstöðva félagsins. Aflahlutdeild HB Granda fer því úr um 43.800 þorskígildistonnum í um 45.400 þorskígildistonn eða úr 10,7% af heildaraflahlutdeild í 11,1%. „Með þessum viðskiptum greiðir Hafnarnes VER úr skuldamálum félagsins sem stofnað var til með kaupum á aflaheimildum. Unnið hefur verið að lausn á skuldamálum félagsins á undanförnum árum, en við hrunið jukust skuldir þess verulega. Sala aflaheimildanna var nauðsynlegur þáttur til að unnt verði að halda áfram rekstri félagsins, en með verulega breyttum áherslum.

### Ný bolfiskvinnsla HB Granda á Vopnafirði

Framkvæmdum við nýja bolfiskvinnslu HB Granda á Vopnafirði miðar vel og ef allt gengur að óskum gæti bolfiskvinnsla á vegum félagsins hafist í nóvembermánuði nk. Vinnslan er til húsa þar sem Tangi hf. starfrækti áður frystihús og er vinnslusalurinn um 500 fermetrar að flatarmáli. Þar munu 35 til 40 manns vinna við bolfiskvinnsluna.

Að sögn Bárðar Jónassonar, tæknistjóra HB Granda á Vopnafirði, er von á frystivélum nú um mánaðamótin sem og loftræstisamstæðunni fyrir loftræstikerfið. Annar búnaður er á áætlun. „Við verðum hér með hausara og tvær flökunarvélar frá Curio ehf. í Hafnarfirði. Karabúnaður, roðkælir og roðrifubúnaður kemur frá Skaganum hf. á Akranesi og Flexicut vatnsskurðarvél og snyrti- og pökkunarlína er frá Marel," segir Bárður Jónasson.

# VÖKUL AUGU Á SJÓNUM MEÐ FLIR

**FLIR** hitamyndavélar veita skipstjórnarmönnum sýn í niðamyrkri eða þegar sól blindar.
Með **FLIR MU** er stiglaus þysjun á hitamynd á nær og fjær umhverfi.

**Flir** handvélar gefa aukna sýn á breytingum á vélbúnaði, kælibúnaði, rafkerfum, glussalögnum ...

Með reglubundnum skoðunum er hægt að bregðast við áður en upp kemur bilun eða tjón.

**Verð frá: 139.950.- m/vsk (FLIR C2 handvél)**




/ ISMARICELAND · WWW.ISMAR.IS

SÍÐUMÚLA 28
108 REYKJAVÍK
SÍMI 5105100

ÍSMAR
...Við mælum með því besta

ÚTSKRIFTARNEMAR 2016

Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Hafrannsóknastofnunar:

# Tuttugu sérfræðingar frá 14 löndun útskrifaðir

Fyrir nokkru var 18. árgangur Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna útskrifaður en það voru 20 sérfræðingar úr sex mánaða þjálfunarnámi frá 14 löndum. Sérfræðingarnir komu frá sjö Afríkulöndum (11), þremur eyríkjum Karíbahafs (3), fjórum löndum frá Asíu (6). Af þeim 20 sem útskrifast eru 5 konur, en að meðaltali er þátttaka kvenna í þjálfunarnáminu tæp 40%. Sjávarútvegsskólinn bíður upp á sex sérsvið og voru þrjú þeirra kennd í ár; fiskifræði, gæðastjórnun í vinnslu og meðhöndlun fisks, og veiðistjórnun og markaðsmál. Rannsóknarverkefni sérfræðinganna spunnu vítt svið, og tengjast öll verkefnum sem sérfræðingar sinna heima fyrir. Mörg lokaverkefnanna nýtast einnig beint við stefnumótun sjávarútvegs í heimalöndum þeirra.

Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna hefur vaxið hratt síðustu ár og aukið starfsemi sína í samstarfslöndum sínum. Styttri námskeið hafa verið þróuð í samstarfi við þarlenda sérfræðinga og fyrrum nemenda skólans ásamt því að styðja við ráðstefnur á sviði sjávarútvegs. Því til viðbótar bíður Sjávarútvegsskólinn fyrrum nemendum skólans upp á styrki til framhaldsnáms hér á landi í greinum tengdum sjávarútvegi. Frá upphafi hafa nú 325 sérfræðingar lokið sex mánaða þjálfunarnámi við skólann frá yfir 50 löndum og rúmlega 1100 manns tekið þátt í styttri námskeiðum í samstarfslöndunum. Jafnframt því að styrkja sérfræðikunnáttu í samstarfslöndunum og sjávarútvegsstofnunum, þá leggur skólinn ríkari áherslu á að afla og þróa þekkingu sem nýtist við stefnumótun í sjávarútvegsmálum. Fastir starfsmenn við Sjávarútvegsskólann eru fjórir, og hefur dr. Tumi Tómasson verið forstöðumaður frá upphafi.

# Um 900 tonna fiskvinnsla tryggð á Breiðdalsvík

Ísfiskur í Kópavogi, sem er með um 40 manns í vinnu, er með útibú á Breiðdalsvík þar sem unninn er saltfiskur til útflutnings og við það fær 9 til 10 manns vinnu. Ísfiskur er eini fiskverkandinn á staðnum. Oddviti Breiðdalshrepps, Hákon Hansson, segir að Ísfiskur hafi starfað á Breiðdalsvík í liðlega eitt og hálft ár og eru að mestu að vinna þorsk í ákveðnum stærðum í salt sem fæst vegna byggðafestukvóta sem kemur frá Byggðastofnun sem er um 300 tonn og gildir samningurinn fiskveiðiárin 2015/2016, 2016/2017 og 2017/2018. „Ísfiskur er með samning við útgerðaraðila sem landar hjá honum. Það er bátur sem heitir Benni NS-65 í eigu Grábrókar á Breiðdalsvík en eigandi á Hornafirði, og einnig Elli P SU-206. sem er í eigu Gullrúnar. Þessir bátar eru að leggja fram tvöfaldan þorskígildiskvóta, eða um 600 tonn árlega á samningstímabilinu. Þannig er gert ráð fyrir 900 tonna fiskvinnslu á Breiðdalsvík með ríflega 10 starfsmönnum. Starfsmannafjölda tryggja samkvæmt samningnum útgerðirnar Grábrók, Gullrún og Grænnípa á Breiðdalsvík. Afurðirnar fóru að mestu áður á Rússlandsmarkað en vegna viðskiptabannsins hefur þurft að leita annarra markaða. Aukaafurðir eins og beingarðar og slóg gaf aðeins af sér en óvissa ríkir nú um að skapa þar verðmæti, en það hefur til þessa farið til Sandgerðis.

Í sumar hafa hér einnig verið að landa strandveiðibátar en sá afli fór allur á fiskmarkað, Fiskmarkaður Suðurnesja. Auk þess eru allnokkrir íbúar hér að vinna í álverinu á Reyðarfirði og það eru rútuferðir fram og til baka alla daga vikunnar. Ferðin til Reyðarfjarðar með stoppi á Stöðvarfirði og Fáskrúðsfirði tekur rúman klukkutíma.Eftir að vinnan hjá Alcoa breyttist í 8 tíma vaktir er fólk mjög ánægt með fyrirkomulagið. Það ríkir viss bjartsýni hér en í svona litlu byggðalagi er þetta mjög viðkvæmt," segir Hákon Hansson oddviti.

Fyrir um áratug síðan stóð til að loka höfninni á Breiðdalsvík, enda var ekki landað nema um 70 tonnum eitt árið en nú er landað þarna um 2500 tonnum. Báter frá Húsavík, Háey ÞH-275 og Lágey ÞH-265, hafa einnig verið að landa á Breiðdalsvík en aflanum er síðan ekið til vinnslu hjá GPG Seafood á Húsavík.

BREIÐDALSVÍK

# „Það er orðið þræla-hald til sjós í dag“

## Segir Guðmundur Ragnarsson, formaður Félags vélstjóra og málmtæknimanna

Það er ekki verið að sigla lygnan sjó þrátt fyrir að ýmsum kjarasamningum hafi verið landað með 6,2% launahækkun frá 1. janúar sl. og loks samið í langvinnri vinnudeilu í Straumsvík,“ segir Guðrmundur Ragnarsson, formaður VM, Félags vélstjóra og málmtæknimanna. Í VM eru 3138 félagsmenn, 3089 karlar og 49 konur. Skráðir félagsmenn sem eru hættir vegna aldurs eða örorku eru 724, svo félagsmenn í VM eru liðlega 3800 talsins. Í dag starfa liðlega 76% félagsmanna í landi og um 24% á sjó. Af þeim sem eru á sjó er liðlega 14% á farskipum en 86% á fiskiskipum. Flestir félagsmanna eru á höfuðborgarsvæðinu, eða 63%, en fæstir á Austurlandi, eða liðlega 4%. „Eftir eru samningar sem eftir er að færa inn í svokallað SALEK-samkomulag, þ.á.m. eru allir samningar við orkufyrirtækin og svo auðvitað samningar við SFS, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Það hitnaði verulega í samningaumleitunum hvað varðar heildarmönnunarmálin í fiskiskipaflotanum, en útgerðaraðilar hafa verið á fullu að fækka í áhöfnum skipanna. Nú stefnir bara í verkfall sjómanna í nóvember. Það er því áfram prælahald til sjós í dag.“

*Hvaða líkur eru á því að samið verði við sjómenn sem hafa verið samningslausir frá árinu 2011?*

„Þetta verður enginn alvöru samningur, ef hann þá næst. Þetta verður fyrst og fremst samningur um almennar launahækkanir í samræmi við það sem launþegar í landi hafa fengið. Ég er ekki í dag mjög bjartsýnn á stöðuna. Bókanir eru hins vegar oft afar fallegar setningar settar á blað en svo verður aldrei neitt úr neinni vinnu í framhaldinu og ekkert „deadline“, engin tímamörk hvenær þeirri vinnu á að ljúka. Við viljum fá einhvern verkstjóra að þessari vinnu og þegar hann setur upp eitthverja áætlun um verk sem aðilar eiga svo að skila fyrir næsta fund, þá eru deiliaðilar að gangast undir slíka vinnuferla, og þá er von um árangur. Við höfum lagt fram ýmsar sérkröfur sem alls ekkert gengur að fá. Vélstjórar eru mjög tæknimenntuð starfsstétt og einnig er bent á að skipin séu orðin mjög fullkomin en samt er þetta eina starfsstéttin sem borgar ekkert endurmenntunargjald.Við höfum farið fram á að fá þessi 0,5% sem allir atvinnurekendur á Íslandi borga í sjóð hvað varðar aðrar starfsséttir af kauptryggingu, en vélstjórar fá það ekki. Það er eins og taka úr útgerðarmönnum hjartað að nefna þetta.“

### Útfærsla á sjómannaafslætti sem tekinn var af

„Við ætlum að fá Samgöngustofu til að fara í rannsókn á starfsaðstöðu og öryggi sjómanna almennt og eins viljum við ræða frekar um útfærslu á sjómannaafslættinum með einhverjum hætti sem tekinn var af okkur, en það verður örugglega ekki í því formi sem það var. En það má heldur ekki gleyma því að það hefur ekki alltaf verið góður tími á sjónum, stundum hefur komið aflabrestur og döpur ár, og við skulum ekki neita því að hér geta aftur komið mögur ár og þá geta komið vandamál með mönnun á fiskiskipunum.“

Í byrjun þessa árs fór VM hringinn í kringum landið og átti fundi

> *Þegar norksmíðuðu skuttogararnir voru að koma til Vestfjarða upp úr 1970 var reiknað með að þeir fiskuðu 1800 til 2000 tonn og þá væru rekstrargrundvöllur þessara togara tryggður. Skiptaprósentan var þá 35% en er nú 27 til 30%. Þá samsvaraði hásetahluturinn fjórum dýrum tegundum af VOLVO-bifreiðum en nú fær hásetinn kannski bara einn slíkan bíl fyrir sinn hlut.*

með vélstjórum til sjós. „Á fundi í Grundarfirði, þar sem er mikið af bátum, fengum við mjög harðorðaðar lýsingar á þeirri vinnuþrælkun sem er um borð í þessum bátum almennt vegna þess hversu mikið er búið að fækka í áhöfnunum. Það þykir orðið sjálfsagt að vaka samfellt í tvo sólarhinga.“ Guðmundur telur að rekja megi einhver slys um borð til langra vöku ef það yrði rannsakað. Vansvefta menn hafa ekki sömu athygli á umverfinu og sá sem er úthvíldur. Stöðugt er verið að fækka skipunum en á sama tíma að auka fiskmagnið sem þau koma með að landi hvert og eitt með færri mönnum um borð en það hafi skapast mikil skekkja hvað varðar viðmið milli launa og aflaverðmætis.

„Þegar norksmíðuðu skuttogararnir voru að koma til Vestfjarða upp úr 1970 var reiknað með að þeir fiskuðu 1800 til 2000 tonn og þá væru rekstrargrundvöllur þessara togara tryggður. Skiptaprósentan var þá 35% en er nú 27 til 30%. Þá samsvaraði hásetahluturinn fjórum dýrum tegundum af VOLVO-bifreiðum en nú fær hásetinn kannski bara einn slíkan bíl fyrir sinn hlut.“

### Endurnýjun í faginu allt of lítil

*Hvernig endurnýjast stétt vélstjóra og málmtæknmimanna?*

„Það gengur ágætlega hvað varðar vélstjórnina, en hana er hægt að læra í Reykjavík og á Akureyri og fyrri hluta námsins víðar um landið, en ljúka þarf því svo í stærri skólunum. Í járnsmíði og vélvirkjun í landi er hins vegar mikil vöntun og rennismiðir eru að verða æði fáséðir. Margir sem kunna á rennibekkinn starfa við hann án þess að hafa aflað sér menntunar. Endurnýjun er allt of lítil almennt svo við erum varla að eiga lengur nægilega margt faglært fólk til að halda við þeim atvinnutækjum sem eru í landinu sem krefjast þekkingar starfsmanna í málmiðnaði, svo ekki sé nú minnst á það að hér er stefnt að því að bæta við verksmiðjum sem þarf að reka og halda við.“

Guðmundur Ragnarsson, formaður VM.

Guðmundur segir skólamálin í miklum ólestri og Samtök atvinnulífsins séu stefnulaus í þessum geira menntamálanna. „Það er búið að halda sömu ræðurnar á þeim bæ í yfir 20 ár um mikilvægi verk- og tækninenntunnar, en það gerist alls ekkert til bóta. Vandamál sem snýr að véla- og málmtækninni er ekki síst það að ekki eru til nein samtök fyrirtækja í þeirri grein. Það er raunar til félag sem heitir Málmur sem um 30% af minnstu fyrirtækjunum eiga aðild að en þar eru t.d. kælitæknifyrirtækin ekki með aðild, þau eru með eigin félagsskap, sum fyrirtækin eru í Samtökum atvinnuilífsins og önnur í Samtökum iðnaðarins og enn örnnur utan allra samtaka. Þetta veikir til muna samstöðu greinarinnar og sameiginlegir hagsmunir okkar og atvinnurekenda sem liggja mjög oft saman, eru skertir, þar er algjörlega höfuðlaus her.“

*Ríkisvaldið hefur verið að byggja framhaldskóla víðs vegar um landið þar sem fyrst og fremst er verið að leggja áherslu á bóknám sem og listgreinar. Nemendur sem útskrifast úr þessum skólum og hyggja á frekara nám horfa því fyrst og fremst til viðskiptafræði, lögfræði, grafískra hönnunar eða skyldra greina. Er Alþingi að taka ranga stefnu með uppbyggingu þessara framhaldsskóla með takmarkað fjármagn?*

„Það er eiginlega allur fjandinn sem snýr neikvætt að þessari kjördæmaskipan á Íslandi og því takmarkalausa kjördæmapoti sem þingmenn stunda. Í staðinn að byggja upp tvo sterka skóla á landsbyggðinni með heimavist og fleiri sem til þarf, s.s. tölvur og fleira sem nútímaþjóðfélag krefst í nútískubúnaði, er verið að dreifa takmörkuðu fjármagni um allt land með afar takmörkum árangri. Sumir þessara framhaldsskóla eru raunar hvorki fugl né fiskur. Þegar þingmaðurinn þarf fyrir komandi kosningar að fara að hugsa um eigin hag heima í héraði, og endurkosningu, rýkur öll skynsemi rakleitt út um gluggann. Við höfum mýmörg dæmi um það sem blasa við okkur. Við erum fámenn þjóð í dreifbýlu landi og þurfum að forgangsraða en það vantar alla heildaryfirsýn. Það er aldrei rætt um einhverja vitræna stefnu í skólamálum. Þegar takmörkuðu fjármagni er veitt í menntamálin verður að forgangsraða. Það þarf að gera könnum á því hvers konar tegund af menntuðum einstaklingum atvinnulífið þarf næstu fimm til tíu árin. Ef við sköpum ekki öflugt atvinnulíf sem skapar tekjur, þá verður erfitt um vik að auka fjármagn í rekstur samfélagsins.“

### Skynsamlegra að mennta fólk sem fer út í atvinnulífið

„Hvað höfum við að gera með allt þetta háskólamenntaða fólk á ýmsum sviðum ef ekki er þörf fyrir það? Við þurfum verðmætaaukningu í atvinnulífinu og auknar skatttekjur, en 98% af þessu fólki af ýmsum menntasviðum fer til vinnu hjá ríki og sveitarfélögum. Við verðum að forgangsraða í menntakerfinu meðan við höfum úr takmörkuðu fjármagni að spila þar.

Það er miklu skynsamlegra að mennta fólk sem fer út í atvinnulífið. Á sama tíma eru að útskrifast 100 sveinar í málmiðngreinum og og netagerð á síðasta ári, þ.e.8 í blikksmíði,, 2 í netagerð, 10 í rennismíði, 5 í stálsmíði og 75 í vélvirkjun og til allrar hamingju hefur þeim heldur fjölgað milli ára. Á árinu 2015 voru 139 námssamningar í málmgreinum og netagerð staðfestir, þar af 18 í blikksmíði, 4 í netagerð, 11 í rennismíði, 10 í stálsmíði og 96 í vélvirkjun.“

### Iðnmenntun lítils metin í launum á Íslandi

*Það stefnir í skort á málmtæknimönnum og í fleiri greinum á næstu árum að óbreyttu ástandi. Hvernig horfir að þínu mati næstsa áratuginn, hvar stöndum við þá?*

„ Jón Daníelsson hagfræðingur, forstöðumaður rannsóknaseturs um kerfislæga áhættu við London School of Economics, hefur bent á hversu iðnmenntun er lítið metin í launum á Íslandi miðað við önnur Evrópulönd og hversu hvati okkar til að auka hagvöxt er takmarkaður í takt við mannauðinn. Við Íslendingar höfum verið svo heppnir að alltaf kemur einhver happdrættisvinningur upp í hendurnar á okkur, t.d. veiðar í Smugunni, makrílveiðar í miklu magni, mikill og vaxandi fjöldi erlendra ferðamanna. Það hlýtur að koma að því að náttúruauðlindirnar til sjós og lands koma ekki alltaf okkur til bjargar, við höfum hamast áfram árum saman í einhvers konar vertíðarstemmningu. Ef ekki væru þessir happdrættisvinningar væru staðan ekki allt of björt. Staða okkar gagnvart menntun er ekki allt of góð, þ.e. hvers konar menntun við erum að leggja áherslu á.

Þróunin hér hefur verið háð verðbólguskotum og gengi íslensku krónunnar svo við þörfnumst sárlega einhvers stöðugleika og kannski er liður í því að skipta um gjaldmiðil. Meðan við erum upptekin við þetta vertíðarástand erum við ekki að byggja svo mikið upp, því miður,“ segir Guðmundur Ragnarsson.

# Skipstjórnar- og vélstjórnarnám stendur til boða í nokkrum skólum

Skipstjórnarnám stendur til boða í eftirfarandi skólum, sem starfa skv.lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008;

• Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins en þar er Skipstjórnarskólinn - skipstjórnarbraut A-E (kjarnaskóli)

• Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu - skipstjórnarbraut A

• Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum - skipstjórnarbraut A og B

Smáskipanámskeið kemur í stað gamla „pungaprófsins“ (30 brl.), sjá 6. gr. rg. um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum, nr. 175/2008. Tækniskólinn býður upp á smáskipanámskeið - lotufjarnám og smáskipanámskeið í Reykjavík. Jafnframt er boðið upp á smáskipanám í öðrum framhaldsskólum úti á landi. Sérstök námsskrá gildir fyrir skipstjórnarnám á skemmtibáta að 24 metrum að skráningarlengd. Tækniskólinn býður upp á undirbúningsnámskeið - fjarnám og undirbúningsnámskeið í Reykjavík þegar kemur að skipstjórn skemmtibáta.

**Vélstjórnarnám**

Vélstjórnarnám stendur til boða í eftirfarandi skólum sem starfa skv. lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008;

• Tækniskólinn - smáskipavélavörður og vélstjórnarbraut A-D (kjarnaskóli)

• Verkmenntaskólinn á Akureyri - vélstjórnarbraut A-D

• Fjölbrautaskóli Suðurnesja - smáskipavélavörður og vélstjórnarbraut A

• Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu - vélstjórnarbraut A og B

• Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum - vélstjórnarbraut A og B

• Menntaskólinn á Ísafirði - vélstjórnarbraut A og B

• Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Sauðárkróki - vélstjórnarbraut A

Athyglisverð sýn á líhagkerfið




# Líhagkerfisstefna fyrir Ísland

Í sumar fór fram kynning á drögum að líhagkerfisstefnu fyrir Ísland í höfuðstöðvum Matís að Vínlandsleið 12. Vinna við mótun stefnunnar hefur farið fram undanfarna mánuði í umboði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Á fundinum voru drög stefnunnar kynnt hagaðilum og kallað eftir umræðum og athugasemdum.

Grímsey:

# Á sjó í hálfa öld

Í yfir 50 ár hefur Henning Jóhannesson, sjómaður og útgerðarmaður í Grímsey, sótt sjóinn, og segir að öll þessi ár hafa útgerðin gengið vel, stundum mokafli en aðra stundina hafi sá guli verið tregur. Nú er hann hættur, segir það gott að hafa verið á sjó í hálfa öld. Í Grímsey búa um 80 manns, og hafa flestir vinnu við fiskinn. Staðan er hins vegar sú í Grímsey að það vantar húsnæði, en fasteignaeigendur vilja ekki selja þó þeir sé fluttir á brott, margir hverjir dvelja þarna hluta úr sumrinu. „Mestallur aflinn fer á markað með ferjunni Sæfara og fer á fiskmarkað á Dalvík. Fiskur sem unnin er hér fer í salt.Fyrr í sumar fóru ýmsir í björgin, ekki síst brottfluttir eyjaskeggar sem koma hingað, margir á hverju ári og tína egg sér til gamans en neysla eggja er nú meira til gamans gerð en áður voru eggin hluti af fæðuöflun hér í Grímsey,“ segir Henning.

Henning segir að grásleppuvertíðin í vor og sumar hafi ekki gengið allt of vel hjá Grímseyingum, verðið svo lágt að það sé til háborinnar skammar.


Henning Jóhannesson ásamt syni sínum, Sigurði.

**Á grásleppu undir Hvanndalabjargi**

Andri Viðar Víglundsson, smábátasjómaður í Ólafsfirði, var á grásleppunni og fór síðan á handfæri á bátnum, Margréti ÓF sem er 5,4 tonn. „Það var fremur rólegt hjá okkur á grásleppunni, en þeir voru að veiða mun meira bæði austan og vestan við okkur. Það var góð veiði í hjá mér upphafi en svo fór fljótt að draga úr veiðinni. Við sóttum aðllega á svæðið undir Hvanndalabjargi. Aflinn var 60 tunnur, og hefur sennilega aldrei verið lakari, og það sama má segja um verðið sem var 150 kr/kg upp úr sjó, hveljan og hrognin. Hveljan hefur farið til Kína en Sverrir Björnsson á Siglufirði hefur séð um okkar sölumál. Okkur finnst mörgum að verðlagningin sé óþarflega mikið á hendi kaupenda, sennilega eru þar í gangi samráð sem við ráðum einfaldlega ekki við,“ segir Andri Viðar.

# HAFNARFJARÐARHÖFN

## tengir flutninga um allan heim

Eldsneytisafgreiðsla

Veiðarfæraþjónusta

Aðstaða til viðgerða

Siglingatækjaþjónusta

Flotkvíar

Fiskmarkaður

Sorphirða

Gámaþjónusta

Vörugeymslur

Kæligeymslur

Frystigeymslur



HAFNARFJARÐARHÖFN

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ FYRIR
KAUPSKIPA- OG FISKISKIPAFLOTANN

Óseyrarbraut 4 · 220 Hafnarfirði · Sími 414 2300 · Fax 414 2301
hofnin@hafnarfjordur.is · www.hafnarfjardarhofn.is

# Ísland þátttakandi í saltfiskhátíð í Portúgal

Saltfiskhátíðin í Ilhavo í Portúgal er sú stærsta sem haldin er árlega þar í landi. Íslandsstofa skipulagði þátttöku Íslands. Hjá Íslandsstofu hefur verið í gangi markaðsverkefni frá árinu 2013 sem gengur út á að kynna saltaðar þorskafurðir á Spáni, Portúgal og Ítalíu undir slagorðinu „Prófaðu og deildu leyndarmáli íslenska þorsksins“ en 23 fyrirtæki eru þátttakendur í því verkefni. Markmið þess verkefnis er að treysta stöðu saltaðra þorskafurða í Suður Evrópu og í Portúgal er það  Lissabon og svæðið norður af borginni sem er áherslumarkaður fyrir íslenska saltfiskinn. Íslandi er boðin þátttaka í hátíðinni á grundvelli vinabæjartengsla Ilhavo og Grindavíkur. Kynningin snýst þó ekki eingöngu um saltfisk, heldur einnig að kynna Ísland almennt s.s. sem áfangastað ferðamanna og íslenska menningu.

Viktor Örn Andrésson matreiðslumeistari, sem er fulltrúi Íslands í Bocus d'Or matreiðslukeppninni 2017, eldaði saltfisk og humar og útbjó skyr-desert sem gestir hátíðarinnar fengu að gæða sér á og drukku íslenskan bjór með. Löng hefð er fyrir saltfiskviðskiptum milli Íslands

og Portúgal. Portúgalar eru stærstu neytendur á saltfiski í heiminum per íbúa og er neysla á saltfiski stöðug allt árið en nær þó hápunkti um jólin. Portúgal er mjög mikilvægur markaður fyrir íslenskan saltfisk en frá árinu 2005 hefur útflutningur þangað verið á bilinu 8-12.000 tonn á ári, aðallega flattur blautverkaður saltfiskur og fullunninn í Portúgal. Hefðirnar í kringum neyslu á söltuðum þorski (Bacalhau) í Portúgal eru mjög ríkar og segja þeir að til séu meira en 1000 uppskriftir af saltfiskréttum.

Mikil ánægja var með þátttöku Íslands á hátíðinni meðal samstarfsaðila í Portúgal, Íslendinganna og samstarfsaðila í Grindavík og í markaðsverkefninu. Á vinnufundi sem haldinn var um viðskiptatengsl og samstarf, voru reifaðar ýmsar hugmyndir um frekari samvinnu við Ísland og Grindavík um að kynna íslenska saltfiskinn, nemendaskipti, samstarf við veitingastaði, nýsköpun og margt fleira.




# Sjómannaverkfall í fimm mánuði árið 1962

Sjómannafélag Reykjavíkur, nú Sjómannafélag Íslands, var stofnað 23. október 1915 og fagnaði því 100 ára afmæli á síðasta ári. Saga sjómanna er samofin framfararsókn íslenskrar þjóðar alla 20. Öldina og það sem af er þessari öld. Fyrir eitt hundrað árum var íslenskt samfélag eitt hið fátækasta í Evrópu, en þjóðin hafði óbilandi kjark og þor. Íslenska þjóðin háði hatramma baráttu fyrir fiskimiðum sínum, hafði betur í þremur þorskastríðum, aðallega við Breta, og fékk full yfirráð yfir landhelginni árið 1976.

Á síðasta ári kom út saga Sjómannafélagsins, rituð af Halli Hallssyni og nefnist „FRJÁLSIR MENN – þegar aldir renna.“ Í bókinni segir að upphafið megi rekja til þess að 16. október 1915 komu sjómenn saman til fundar í Bárubúð og stofnuðu samtök háseta á botnvörpunum, Hásetafélag Reykjavíkur. Tilgangurinn var að styðja og efla hag og atvinnu háseta. Í janúar 1919 var undirritaður samningur milli Hásetafélagsins og útgerðarmanna upp á 75 króna laun auk dýrtíðarálags upp á jafn margar krónur á ísfisk en 50 krónur á saltfisk. Í júní var kaup hækkað í 200 krónur á ísfisk, 175 krónur á síld og saltfisk. Þá náði Hásetafélagið samningi við Eimskipafélag Íslands um kjarasamning.

Á fundi Hásetafélagsins í ársbyrjun 1920 var samþykkt að breyta nafni félagsins í Sjómannafélag Reykjavíkur. Lagt var fram frumvarp til breytinga á lögum félagsins þar sem segir m.a.: „Tilgangur fjelagsins er að styðja og efla hag, atvinnu, menningu og samheldni fjelagsmanna, á sem heilbrigðustum grunvelli, og meðal annars taka sjálfstæðan þátt í stjórn bæjarmála og landsmála, í sambandi við önnur verkalýðsfjelög.“




Saga Sjómannafélagsins í 100 ár er merk heimild um baráttu sjómanna fyrir bættum kjörum og ekki síður heimild um kjör landsmanna á síðustu öld.

### Vökulögin

Mesti sigur í pólitískri baráttu verkamanna eru talin vera Vökulögin sem samþykkt voru á Alþingi á lokadaginn, 11. maí 1921 þar sem sagði m.a. að hver háseti hefði að minnsta kosti 6 klukkutíma hvíld í sólarhring hverjum. Forystumenn sjómanna báru aldrei fram kröfur á hendur útgerðarmönnum um hvíldartíma því þeir óttuðust að slíkar kröfur myndu veikja stöðu þeirra í glímunni um launakjör. Árið 1955 var 12 stunda hvíldartími að lögum á Alþingi.

### Lengsta togaradeilan

Árið 1962 var háð lengsta togaradeila sögunnar þegar verkfall var boðað á flotanum hinn 10. mars og stóð það í tæpa fimm mánuði, en farmenn höfðu áður náð fram allgóðri kauphækkun. Auk Sjómannafélag Reykjavíkur stóðu að deilunni félögin á Akranesi, Patreksfirði, Ísafirði, Akureyri og Siglufirði auk Matsveinafélags Íslands. Verkfallsboðunin náði til allra íslenskra togara. Málið hafði komið fyrir ríkissáttasemjara um áramótin en sáttatilraunir höfðu engan árangur borið. Það var svo um verslunarmannahelgina,  sunnudaginn 5. Ágúst, er samningar náðust um 20% kauphækkun.

Viðreisnarstjórnin var við völd og verkalýðshreyfingin klofin milli annars vegar sósíalista eða kommúnista og hins vegar Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks sem réðu sjómannahreyfingunni. Það andaði köldu milli stríðandi fylkinga.

# Góð afkoma Samherja og dótturfélaga árið 2015

## Björgúlfur EA og Kaldbakur EA væntanlegir til landsins

Rekstur Samherja og dótturfyrirtækja gekk vel árið 2015. Helstu atriði voru;

- Hagnaður Samherja rekstrarárið 2015 var 13,9 milljarðar króna.
- Samtals greiddi Samherji 4,3 milljarða króna til opinberra aðila á Íslandi vegna reksturs ársins 2015.
- Tekjuskattur starfsmanna nam að auki 2,2 milljörðum króna.
- Rúmur helmingur af starfsemi Samherja samstæðunnar er erlendis.
- Samherji og dótturfélög eru með rekstur í 12 löndum og samstæðan er gerð upp í átta myntum.
- Skuldbindingar vegna fjárfestinga sem stofnað var til árið 2015 nema um 30 milljörðum króna.

Samherji hf. er eignarhaldsfélag um eignarhluti í dóttur- og hlutdeildarfélögum sem flest tengjast sjávarútvegi og vinnslu afurða hér á landi og erlendis. Rekstur útgerðar og fiskvinnslu á Íslandi er að mestu leyti í félögunum Samherji Ísland ehf. og Útgerðarfélag Akureyringa ehf. og rekstur fiskeldis er í Íslandsbleikju ehf. Starfsemi samstæðunnar er víða um heim, mest á Íslandi og í Evrópu, en einnig í Afríku og Kanada.

Ísfisktogarinn Björgúlfur EA við bryggju á Dalvík. Hann var byggður var árið 1977 en hefur nú hefur verið seldur til að víkja fyrir nýsmíði.

Nýr ísfisktogari Samherja var sjósettur í byrjun september hjá Cemre skipasmíðastöðinni í Tyrklandi og ber nafnið Björgúlfur EA-312 en þar eru fjögur skip í smíðum fyrir íslenska útgerð. Auk þess er verið að smíða tvö önnur fiskiskip fyrir Samherja. Nýr Kaldbakur fyrir Útgerðarfélag Akureyringa, sem er í eigu Samherja, er væntanlegur til Akureyrar fyrir næstu jól. Tveir tísfisktogarar eru í smíðum í Kína, Breki sem fer til Vestmannaeyja og Páll Pálsson sem fer til Hnífsdals.

# ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM MEÐ VOLVO PENTA Á ÍSLANDI HJÁ BRIMBORG

VOLVO PENTA

Öryggi á sjó. Áreiðanleiki, afl og ending ásamt hagstæðum rekstri og góðri þjónustu er trygging Volvo Penta.

### Tilboð á vélbúnaði og varahlutum í september

Í tilefni Iceland Fishing EXPO 2016 verðum við með tilboð á Volvo Penta vélbúnaði og varahlutum í september. Vertu velkomin á sýningarbás okkar nr. 32 í höll B. Settu nafnið þitt í pott og í lok sýningar drögum við út nokkra heppna vinningshafa.

### Skoðaðu Volvo Penta í dag

Breið lína bátavéla sem henta margvíslegum gerðum og stærðum báta. Komdu og skoðaðu sýningarvélar í dag og ræddu við ráðgjafa.

### Öflug Volvo Penta þjónusta

Hjá Volvo Penta á Íslandi | Brimborg starfar framúrskarandi teymi sem samanstendur af öflugum fagmönnum Brimborgar og samstarfsaðilum um land allt. Vélaverkstæði Brimborgar og þjónustuaðilar um land allt taka að sér þjónustu og niðursetningu á Volvo Penta vélbúnaði.

Neyðarþjónusta okkar fyrir Volvo Penta vélbúnað, ljósavélar og rafstöðvar er margþætt enda aðstæður viðskiptavina okkar misjafnar. Fáðu verðtilboð í þjónustu.

### Kauptu bestu varahlutina

Volvo Penta á Íslandi | Brimborg er með gott úrval varahluta á lager og á mjög hagstæðu verði. Varahlutasérfræðingar okkar veita þér fyrirtaksþjónustu og ráðgjöf við kaup.

**Traust teymi Volvo Penta á Íslandi | Brimborg**
Á myndinni eru frá vinstri: Jóhann Rúnar Ívarsson þjónustustjóri, Hilmar Skúli Hjartarson vélvirki, Ingvar Karl Ingason verk- og tæknistjóri, Gissur Kristjánsson söluráðgjafi varahluta, Guðmundur Gísli Sigurðsson söluráðgjafi vélbúnaðar, Gunnar Hjálmarsson söluráðgjafi varahluta og Kristinn Már Emilsson framkvæmdastjóri Volvo Penta á Íslandi.

### HAFÐU SAMBAND Í DAG

- Sími: 515 7070
- Netfang: volvopenta@brimborg.is
- Ný heimasíða: volvopenta.is

- Hældrifsvélar
- Gírvélar
- IPS vélbúnaður
- Rafstöðvar og ljósavélar

SJÁUMST Á ICELAND FISHING EXPO 2016
LAUGARDALSHÖLL 28.-30. SEPTEMBER
Bás 33 í höll B

Volvo Penta á Íslandi | Brimborg • Bíldshöfða 6 • Sími 515 7070 • volvopenta.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

VIGRI RE-71

# Brim keypti Ögurvík

Allnokkur samþjöppun varð í vor út úgerð á Íslandi er útgerðarfyrirtækið Brim keypti allt hlutafé í Ögurvík hf. sem gerir frystitogarann Vigra RE-71 sem áfram verður gerður út frá Reykjavík en aflaheimildir skipsins eru um 10 þúsund tonn upp úr sjó. Þá hefur Ögurvík hf., rekið söluskrifstofu fyrir sjávarafurðir og vélsmiðju sem m.a. framleiðir toghlera.

**Fjórði frystitogari Brims**

Brim hf. á og gerir út þrjá frystitogara frá Reykjavík, Guðmund í Nesi RE-13, Brimnes RE-27 og Kleifaberg RE-70. Aflaheimildir skipanna nema um 24.000 tonnum upp úr sjó. Hjá fyrirtækinu vinna um 150 manns til sjós og lands.

„Kaupin á Ögurvík hf. falla mjög vel að rekstri Brims," segir Guðmundur Kristjánsson forstjóri Brims. „Brim gerir út þrjá frystitogara frá Reykjavík og með kaupunum á Vigra styrkist rekstur félagsins. Það hefur sýnt sig að með stærri einingum verða íslensk sjávarútvegsfyrirtæki öflugri. Það á ekki síst við á erlendum mörkuðum þar sem íslenskur sjávarútvegur á í harðri samkeppni um sölu afurðanna. Það má ekki gleymast að þar ræðst afkoma okkar að stórum hluta."

HORFT TIL ESKIFJARÐAR

# Vélsmiðja Hamars á Eskifirði

## Tekur að sér véla og járnsmíðaviðgerðir auk nýsmíði

Vélsmiðja Hamars á Eskifirði tók til starfa í desember 2002, þá undir nafni Hamar Austurland ehf. Var fyrirtækið rekið sér á grunni Vélaverkstæðis Hraðfrystihús Eskifjarðar. Hamar ehf. keypti fyrst 51% í fyrirtækinu á móti Hraðfrystihúsmönnum sem áttu þá 49% í Hamar Austurlandi og var verkstæðið í gömlu bræðsluhúsi við Útkaupstaðarbraut 2 sem hentaði ekki vel undir smiðjurekstur. Ári síða 1. apríl 2003 var síðan gengið frá kaupum Hamars ehf. á 49% hlutafé Hraðfrystihúss Eskifjarðar og fyrirtækið sameinað undir nafnið Hamars ehf. Árið 2005 var tekin fyrsta skóflustungan að nýju og glæsilegu húsnæði að Leirukrók 3 á Eskifirði sem hýsir fyrirtækið í dag.

Vélaverkstæði Hamars ehf. á Eskifirði er ein fullkomnasta Vélsmiðja á Austurlandi með um 2.000 m2 bjart og gott húsnæði. Vekstæði Hamars ehf. getur tekist á við allar hugsanlegar véla-og járnsmíðaviðgerðir og nýsmíði hvort sem um er að ræða ryðfrítt stál, ál, stál eða steypujárn. Við aukin umsvif á Austurlandi hefur þjónusta við útgerðir, álverksmiðju og aðra starfsemi stöðugt farið vaxandi, Þar spilar Vélsmiðaj Hamars á Eskifirði stórt hlutverk. Megin verkefni eru:

- Alhliða lausnir fyrir iðnað
- Vélaviðgerðir
- Þjónusta og smíði á vökvakerfi
- Rennismíði


LÖNDUN EHF.

Löndun ehf sér um skipaafgreiðslu í Reykjavík og Hafnarfjarðarhöfn. Fyrirtækið veitir vandaða og skjóta þjónustu. Býður einnig upp á nauðsynlegan tækjabúnað og úrval manna sem reiðubúnir eru með stuttum fyrirvara að landa úr skipum.

Fyrirhyggja, lipurð og samviskusemi einkenna þá þjónustu sem við veitum

Löndun ehf. - Kjalarvogi 21, 104 Reykjavík - Sími 552 9844 - Fax 562 9844 - londun@londun.is

# Fullbúin viðskiptalausn í áskrift byggð á Microsoft Dynamics NAV bókhaldskerfinu

nav í áskrift

Leið 1

- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptavina- og lánardrottnakerfi
- Innkaupakerfi
- Sölu- og birgðakerfi
- Eignakerfi
- Verkbókhald

Ótakmarkaður fjöldi fyrirtækja
Reglulegar uppfærslur
Enginn stofnkostnaður

Wise sérlausnir:
- Rafræn VSK skil
- Rafræn sending reikninga
- Þjóðskrártenging

kr. 9.900 pr. mán. án vsk

## Office 365

Aðgangur að Office 365 fylgir með Microsoft Dynamics NAV í áskrift.*

Leið 2

Wise sérlausnir að viðbættri leið 1:
- Launakerfi
- Innheimtukerfi
- Bankasamskiptakerfi
- Rafræn móttaka reikninga

## Microsoft Azure

Hýsing og afritun í Azure skýjaþjónustu Microsoft.
Einu öruggasta og öflugasta gagnaveri í heimi.

kr. 17.900 pr. mán. án vsk

Wise býður eitt mest selda bókhaldskerfi landsins í mánaðarlegri áskrift.
Lágmarkaðu kostnaðinn og kynntu þér málið á www.navaskrift.is

Wise lausnir ehf.
Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri
sími: 545 3200 » wise@wise.is » www.wise.is

Microsoft Dynamics NAV

Microsoft Partner
Gold Enterprise Resource Planning
Silver Independent Software Vendor (ISV)

* gildir til 30. júní 2018 þegar keypt er fyrir 30. júní 2016

rsf.is

RSF

# LANDIÐ ALLT EINN UPPBOÐSMARKAÐUR

**Uppboðskerfi fiskmarkaða á Íslandi er einstakt í veröldinni. Það vekur athygli langt utan landsteinanna, enda eina rafræna uppboðskerfið sem tekur til allra seljenda og kaupenda fisks í einu landi.**

**Reiknistofa fiskmarkaða**

Iðavellir 7 | 232 Reykjanesbær | rsf@rsf.is | Sími 420-2000